



Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Skólaárið 2010-2011

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vor 2011

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Tölulegar upplýsingar	4
3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið	5
4. Nýjungar	6
4.1. Endurskoðun á mætingareglum	6
4.2. Stofnun kennsluþróunarteymis	6
4.3. Nýjar, stuttar starfsnámsbrautir	7
4.4. FS – Heilsueflandi framhaldsskóli	7
4.5. Breytingar á stokkatöflu	7
4.6. Valfög fyrir grunnskólanemendur	7
4.7. Vinnustaðanám vélstjórnarnemenda	8
5. Ýmsar upptakur	8
5.1. Busavígslan	8
5.2. Göngudagurinn	8
5.3. Dagur íslenskrar tungu	8
5.4. Heimsóknir	9
5.5. Ferðalög nemenda	9
5.6. Leiksýning Vox Arena	10
5.7. Þemadagar	10
5.8. Starfshlaup	10
5.9. Ýmsar keppnir	10
5.10. Gjafir og styrkir	11
6. Skýrsla matsnefndar	11
7. Skýrslur sviðsstjóra	16
7.1. Málasvið	16
7.2. Raungreinasvið	20
7.3. Samfélagssvið	25
7.4. Tækisvið	29
7.5. Starfsbraut 1	33

7.6. Starfsbraut 2	40
8. Skýrsla bókasafns	49
9. Skýrsla námsráðgjafa	50
10. Skýrsla kvöldskóla.....	56
11. Skýrsla hjúkrunarfræðings.....	59
12. Skýrsla forvarnarfulltrúa.....	60
13. Skýrsla félagslífsfulltrúa.....	63

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir skólaárið 2010 - 2011. Farið er í tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, uppákomur og nýjungar í skólasterfinu. Samantektarskýrslur sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, forvarnarfulltrúa, hjúkrunarfræðings, félagslífsfulltrúa og stjórnar nemendafélags eru hluti af skýrslunni.

Skólasterfið gekk sinn vanagang þetta ár og engar stórvægilegar breytingar voru gerðar. Kristján Ásmundsson, aðstoðarskólameistari, var settur skólameistari þar sem Ólafur Jón Arnbjörnsson var áfram í leyfi og Guðlaug Málfríður Pálsdóttir, áfangastjóri, var settur aðstoðarskólameistari. Elín Rut Ólafsdóttir, námsráðgjafi, og Ægir Karl Ægisson, kennari, skiptu með sér starfi áfangastjóra.

2. Tölulegar upplýsingar

Haust 2010

Skólasterf hófst 18. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag sem var haldinn í fjórða sinn. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera þessum yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst 23. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru 1094 en auk þess stunda 63 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu hér nám í einstaka valáföngum. Í Kvöldskólanum stunduðu 60 nemendur stunduðu nám á önninni. Fastir starfsmenn skólans voru 95, þar af eru kennarar 82 en aðrir starfsmenn eru 13. Verktakafyrirtæki sáu um ræstingu og mötuneyti.

Í upphafi annar hófu átta nýir kennarar störf við skólann, þau Andrés Þórarinn Eyjólfsson í íþróttum, Helga Ingimundardóttir á ferðapjónustubraut, Inga Lilja Eiríksdóttir í stærðfræði, Simon Cramer Larsen í dönsku, Laufey Danivaldsdóttir og Sigríður Anna Ólafsdóttir í íslensku og Magnús Einar Áskelsson og Brynja Brynleifsdóttir á starfsbraut. Gerður Rún Ólafsdóttir var ráðin sem stuðningsfulltrúi á starfsbraut. Sunna Gunnarsdóttir, námsráðgjafi, kom aftur til starfa eftir barnsburðarleyfi. Stundakennarar voru þrjú talsins á önninni. Krístrún Guðmundsdóttir og Svava Jóhannesdóttir voru í leyfi á önninni og Ásta Birna Ólafsdóttir, Elín Þuríður Samúelsdóttir, Hanna María Kristjánsdóttir og Sesselja Bogadóttir í barnsburðarleyfi á önninni. Steinunn Tómasdóttir, fjármálastjóri, fór í þriggja mánaða leyfi í september og leysti Sonja Sigurðardóttir hana af.

Þrjú hættu störfum við skólann, þau Magnús Óskar Ingvarsson, Guðbjört Ingólfssdóttir og Ólöf Jónsdóttir. Þá lét Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir raungreinakennari af störfum um jólin.

Vor 2011

Skólastarf hófst 5. janúar með stundatöfluafhendingu og fyrsta kennsludegi 6. janúar. Tæplega þúsund nemendur stunduðu nám við skólann, rúmlega 60 manns stunduðu nám í Kvöldskólanum og rúmlega 60 nemendur 10. bekkjar sóttu nám hingað í einstökum fögum. Fastir starfsmenn skólans voru 95 á vorönninni, 82 kennarar og 13 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sjá síðan um ræstingu og mötuneyti eins og verið hefur. Þess má geta að nú í vor er verið að bjóða út rekstur bæði mötuneytis og ræstingu eins og reglur kveða á um.

Einn kennari lét af störfum um áramót en það var Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir eðlisfræðikennari. Ása Skúladóttir tók við hennar stöðu. Hanna María Kristjánsdóttir kennslustjóri og Sesselja Bogadóttir námsráðgjafi sneru aftur til starfa eftir fæðingarorlof en um miðja önnina fór Hulda Egilsdóttir í barneignarfrí og leysti Starkaður Barkarson hana af hólmi. Nýverið var Hanna María Kristjánsdóttir ráðin til tveggja ára sem verkefnastjóri á vegum Menntamálaráðuneytisins.

3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Hefðbundnir kennara-, sviðs- og fagfundir voru haldnir reglulega báðar annir. Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabil verið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þessi samvinna hélt áfram á önninni en aðal verkefnið nú er skipuleggja nýjar námsbrautir en samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum fá framhaldsskólar meira frjálsræði í þeim efnum.

Haust 2010

Á sóknardögum kennara í byrjun haustannar hélt Kristín Vala Ragnarsdóttir fyrirlestur um sjálfsbærni í skólastarfi. Kynningarfundur foreldra yngri nemenda var haldinn þann 7. september. Hófst fundurinn með hefðbundinni dagskrá sem m.a. felst í kynningu á skólastarfinu og hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í gegnum skólakerfið. Innu en síðan var aðalfundur foreldrafélag skólans haldinn. Auk þess flutti Jón Sigfússon frá Rannsóknnum og greiningu erindi um vímuefnaneyslu framhaldsskólanemenda og þátt foreldra í forvarnarstarfi. Um 150 foreldrar mættu á fundinn og var Stefanía Valgeirsdóttir endurkjörin formaður foreldrafélagsins. Þann 11. nóvember stóð foreldrafélag skólans fyrir fyrirlestri um forvarnir og vímuefni. Fyrirlesturinn gekk vel en hefði mátt vera betur sóttur af foreldrum og forráðamönnum.

Í október fóru Guðmundur Grétar Karlsson, raungreinakennari, og Hanna María Kristjánsdóttir, kennslustjóri, fyrir hönd skólans til Skotlands þar sem skólinn er aukaaðili að verkefni á vegum Leonardo áætlunarinnar. Verkefnið snýst um að finna leiðir til að minnka brottfall í framhaldsskólum og lýkur því í júní 2011.

Dönskukennarar skólans funduðu með dönskukennurum grunnskólanna á Suðurnesjum en í hópnum er mikill vilja til að auka samvinnu og samstarf milli skóla og skólastiga.

Vor 2011

Á sóknardögum kennara á vorönn hélt Ásta Birna Ólafsdóttir, þroskaþjálfari og kennari á starfsbraut 2, kynningu á námsferð sinni til Austin í Bandaríkjunum. Hún dvaldi þar í hálf ár við starfsnám hjá konu sem er sérfræðingur í sérstakri kennsluaðferð fyrir einhverfa, sem hún þróaði sjálf.

Í byrjun mars fór Hanna María Kristjánsdóttir, kennslustjóri, fyrir hönd skólans til Belgíu á fund vegna verkefnis á vegum Leonardo áætlunarinnar, sem skólinn er aukaaðili að. Síðasti fundur verkefnisins var síðan haldinn í Tyrklandi lok maí og fóru Hanna María og Guðmundur Grétar Karlsson þangað fyrir hönd FS. Haldin var tveggja daga ráðstefna þar með vinnustofum sem miðluðu þeim úrræðum sem kynnt höfðu verið á meðan verkefninu stóð, og sá Guðmundur Grétar að hluta til um eina vinnustofuna. Aðalafrakstur þessarar samvinnu verður síðan heimasíðan TOR sem stendur fyrir Tips on Retention. Er hún hugsuð sem praktískur gagnabanki fyrir kennara, námsráðgjafa og skólastjórnendur að leita í ef nemendur virðast vera í brottfallshættu.

Á sóknardögum í lok vorannar var haldinn sérstakur vinnudagur starfsmanna, meðal annars til að efla liðsheildina. Dagskráin var skipulögð af vinnusálfræðingnum Jóhanni Inga Gunnarssyni og haldin í Salthúsinu í Grindavík. Þar hlustuðu starfsmenn á tvö erindi Jóhanns og unnu að ýmsum hugmyndum til að bæta skólastarfið og sérstaklega líðan nemenda.

4. Nýjungar

4.1. Endurskoðun á mætingareglum

Í kjölfar úttektar sem Menntamálaráðuneytið lét gera á skólanum vorið 2010 var farið í gerð úrbótaáætlunar á haustönn 2010. Niðurstöður úttektarinnar voru mjög jákvæðar en þó er alltaf eitthvað sem má betrubæta. Eitt af því voru mætingareglurnar en þær breytingar voru gerðar að nemendur geta ekki lengur fengið leyfi vegna veikinda fari þeir heim á miðjum degi heldur á leyfilegur fjöldi óútskýrðra fjarvista að ná yfir þau tilfelli.

4.2. Stofnun kennsluþróunarteymis

Á haustönn 2010 var sett á fót kennsluþróunarteymi sem skipað er fjórum kennurum, einum af hverju sviði, auk tengiliðs við stjórnendur. Hlutverk kennsluteymisins eru meðal annars að efla fræðslu til kennara og faglega umræðu auk þess að vera stuðningur við nýja kennara. Formlegt starf hófst í byrjun vorannar og fundaði teymið nokkrum sinnum yfir önnina. Það sendi meðal annars út stutta könnun á því hvaða verkefni kennarar telja brýnust og í lok annar stóð teymið fyrir bíósýningu á heimildarmyndinni *Waiting for superman*.

Teymið vann að hugmynd að stóru tveggja ára skólaþróunarverkefni sem hefja á í haust. Ingvar Sigurgeirsson hefur samþykkt að vera ráðgjafi í verkefninu og mun hann vera með kynningu fyrir starfsmenn í byrjun næstu haustannar. Verkefnið mun svo hefjast af fullum krafti að því loknu, bæði með margvíslegum fræðsluerindum fyrir starfsmenn og vinnu hvers og eins við verkefni að eigin vali. Hugmyndin er að í lok vorannar 2012 verði haldið innanhússþing í skólanum þar sem farið verður yfir afrakstur skólaársins og framhaldið skipulagt. Sótt var um styrk í Sprotasjóð menntamálaráðuneytisins og var umsóknin samþykkt og verkefnið styrkt um 1.500.000 kr.

4.3. Nýjar, stuttar starfsnámsbrautir

Skólinn hefur fengið leyfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að bjóða upp á tvær nýjar, styttri námsbrautir í tilraunaskyni og hófst kennsla á þeim í byrjun haustannar 2010. Þetta eru ferðabjónustubraut og löggæslu- og björgunarbraut. Kennsla á brautunum gekk vel og reyndist löggæslu- og björgunarbrautin sérstaklega vinsæl. Haustið 2011 hefst síðan kennsla á tölvubjónustubraut, verknámsbraut og heilbrigðis- og félagsbjónustubraut sem einnig eru stuttar starfsnámsbrautir.

Sífelld er verið að endurskoða og bæta námsframboð og á þessari önn var listnámsbrautin endurskipulögð til að gera námið á brautinni enn markvissara.

Tveir hópar atvinnuleitenda stunduðu nám í skólanum á vorönn, í samvinnu við Vinnumálastofnun. Annar hópurinn lagði stund á almennt nám en hinn lauk sérstöku suðunámskeiði.

4.4. FS – Heilsueflandi framhaldsskóli

Verið er að vinna að því að skólinn verði heilsueflandi framhaldsskóli en það er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar. Verkefnið var kynnt fyrir nemendum og starfsfólki í nóvember. Í lok vorannar fengu kennarar og starfsfólk síðan viðbótarkynningu á atakinu. Næsta haust fer þetta allt á fullt, meðal annars með breytingum sem gerðar verða á framboði í mötuneyti og fleiru spennandi.

4.5. Breytingar á stokatöflu

Í byrjun haustannar 2010 var stokatöflunni breytt þannig að sumar kennslustundir voru lengri en hefðbundnir 55 mínútna tímar. Þessir lengdu tímar henta sérstaklega vel í verklegum greinum sem og listgreinum. Þessi breyting var gerð í tilraunaskyni en mæltist vel fyrir af þeim sem nýttu sér þessa lengri tíma og var stokkataflan því höfð óbreytt út skólaárið. Nokkrir hnökrar komu upp í töflubreytingum sem höfð verða í huga þegar stundatöflur verða settar saman næsta haust.

4.6. Valfög fyrir grunnskólanemendur

Því miður þurfti að gera nokkrar breytingar á framboði valáfanga fyrir nemendur 10. bekkjar þetta skólaár, vegna niðurskurðar í menntakerfinu. Að þessu sinni var aðeins boðið upp á tvö fög, ensku og stærðfræði, og skiptu grunnskólarnir og FS kostnaðinum á milli sín. Þau voru

vel sótt og gengu vel. Vonandi verður hægt að fara aftur í gamla fyrirkomulagið sem fyrst þar sem áhugi grunnskólanemenda á þessum valfögum hefur verið mikill og kennslan gengið vel.

4.7. Vinnustaðanám vélstjórnarnemenda

Í fyrsta sinn fóru nemendur í vélstjórnánámi í vinnustaðanám í áfanganum VIR104. Þau fyrirtæki sem tóku að sér nema voru ÍAV-verkstæði, Skipasmíðastöð Njarðvíkur, Vélsmiðja Suðurnesja, Vélsmiðja Grindavíkur, Vélsmiðja Sandgerðis, Vélsmiðja Hjalta Guðmundssonar og Vökvatengi ehf. Kunnum við þessum fyrirtækum bestu þakkir með von um áframhaldandi samstarf.

5. Ýmsar upptakur

5.1. Busavígslan

Busavígslan var haldin fimmtudaginn 26. ágúst. Allt gekk þetta fyrir sig á hefðbundinn hátt, busarnir voru merktir um morguninn og þeim settar ákveðnar umgengnisreglur. Síðan var marserað í lögreglufylgd niður að 88-húsi þar sem krakkarnir fengu lýsissopa og slímugan koss. Þar aðstoðaði Slökkvilið bæjarins við að baða busana. Eftir þrautagönguna töldust þeir komnir í eldri nemenda tölu. Í lokinn var síðan boðið uppá pítsuveislu. Um kvöldið var busaball haldið í Stapa. Fór það vel fram og var ekki annað að sjá en allir skemmtu sér hið besta og hefðu sloppið tiltölulega heilir frá þessu öllu saman.

5.2. Göngudagurinn

Þann 7. september héldu rúmlega 500 nemendur og starfsfólk skólans af stað í göngu. Að þessu sinni hafði verið ákveðið að ganga innanbæjar enda ekki úr vegi að kynnast fallegum gönguleiðum í næsta nágrenni. Gengið var að Keflavíkurhöfn og þaðan var svo gengið eftir göngustígnum með ströndinni inn í Njarðvík að Fitjum og endað við Stekkjarkot. Veðrið var nokkuð gott og þegar á áfangastað var komið var boðið upp á heitt kakó og skúffuköku. Það var samdóma álit starfsfólks og nemenda að dagurinn hafi tekist mjög vel.

5.3. Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var þriðjudaginn 16. nóvember og að sjálfsögðu var hann haldinn hátíðlegur í skólanum. Nemendur og kennarar söfnuðust saman á sal þar sem horft var á stutta mynd um Jónas Hallgrímsson en 16. dagur nóvembermánaðar er fæðingardagur skáldsins. Síðan var dregið í getraun sem hafði verið í gangi dagana á undan en þar svöruðu nemendur nokkrum spurningum um Jónas og íslenskt mál. Í verðlaun var stuttermabolur með mynd af Jónasi. Aftan á bolnum voru síðan upphafsorðin úr ljóði Jónasar, Ástu: „Ástkæra, ylhýra málið og allri rödd fegra“. Íslenskukennarar skólans klæddust einmitt svona bolum í tilefni dagsins og tóku sig vel út. Að lokum var svo boðið upp á súkkulaðiköku og það var vel við hæfi að íslenskukennarar afgreiddu hana ofan í viðstadda.

5.4. Heimsóknir

Hópur finnskra kennara heimsótti starfsbrautina á haustönninni en nokkrir nemendur og starfsmenn af starfsbrautinni munu endurgjalda heimsóknina á næsta ári.

Í byrjun febrúar heimsóttu þingmenn kjördæmisins okkur og kynntu sér stöðu skólans og menntunar á svæðinu. Í lok sama mánaðar var leikritið Völuspá sýnt á sal skólans en nemendur í íslenskuáföngum sóttu sýninguna ásamt fleirum.

Fyrri hluti aprílmánaðar var gestkvæmur í skólanum. Þá kom Eyjólfur Gíslason í heimsókn til okkar og flutti fyrirlesturinn Draumar eru gerðir til þess að ræstast. Eyjólfur, sem er úr Keflavík, fjallar þar um reynslu sína af átröskun og þeirri vanlíðan og fordómum sem henni fylgdu. Nemendum í heilbrigðisfræði, næringarfræði, sálfræði og lífsleikni var sérstaklega boðið að sækja fyrirlesturinn og ræða við Eyjólf.

Nokkrum dögum fyrr voru Íslendingasögurnar til umfjöllun þegar sýningin Bændur flugust á var sýnd á sal. Það eru þau Ugly Egilsdóttir, Bergur Ebbi Benediktsson og Dóri DNA sem fjalla þar um Íslendingasögurnar í óvæntu ljósi með ljóðum, tónum og uppistandi. Þau unnu verkið ásamt ungum þýskum listamönnum og eru á leið til Þýskalands með sýninguna í tengslum við Bókasýninguna í Frankfurt þar sem Ísland er í öndvegi í ár. Í sömu viku voru stjórn málin efst á baugi þegar þingmennirnir Höskuldur Þórhallsson og Oddný Harðardóttir heimsóttu skólann og ræddu um Icesave. Þau fjölluðu um málin frá ólíkum hliðum og svöruðu spurningum viðstaddra.

5.5. Ferðalög nemenda

Haust 2010

Sögunemendur heimsóttu Bessastaði og hittu meðal annars forseta Íslands. Nemendur á ferðapjónustubraut fóru í vettvangsferðir og heimsóttu ýmis ferðapjónustufyrirtæki á Reykjanesi og nemendur á löggæslu- og björgunarbraut heimsóttu Landhelgisgæsluna og Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð. Þá fóru útskriftarnemendur í rafvirkjun austur á land og heimsóttu m.a. Kárahnjúkavirkjun og Alcoa álverið. Þess má geta að nemendur söfnuðu sjálfir fyrir ferðinni austur.

Vor 2011

Í byrjun apríl fóru þrír nemendur okkar ásamt einum kennara, Ægi Karli Ægissyni, til Litháen á þing fyrir ungt fólk til að kynna starfsemi Evrópusambandsins.

Í byrjun maí héldu sex nemendur af starfsbraut til Helsinki í Finnlandi ásamt fjórum kennurum sínum. Þar dvaldi hópurinn í tæpar tvær vikur en tilgangurinn var að kynna skóla sem þjálfar nemendur í ákveðnum störfum og undirbýr þá undir þátttöku í atvinnulífinu. Okkar nemendur tóku fullan þátt í starfinu á meðan á heimsókninni stóð, stunduðu nám í skólanum og heimsóttu vinnustaði. Þau kynntust m.a. byggingavinnu, tölvuvinnu, garðyrkju,

matreiðslu og heilbrigðisstörfum. Á milli gáfust síðan nokkur tækifæri til að skoða Helsinki og nágrenni.

5.6. Leiksýning Vox Arena

Leikfélagið Vox Arena sýndi söngleikinn *Slappaðu af* í samvinnu við Leikfélag Keflavíkur. Verkið var sýnt í Frumleikhúsinu og urðu sýningarinnar 13 talsins fyrir fullu húsi. Slappaðu af er eftir Felix Bergsson og var leikstjóri uppsetningarinnar Valgeir Skagfjörð. Það var greinilegt að Valgeir hafði unnið gott starf með ungu leikurunum sem komu fram í uppsetningunni og þá hafði ekki síður verið unnin mikil vinna við leikmyndina og annan umbúnað sýningarinnar.

5.7. Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 24. og 25. apríl og var þemað *Umhverfi og heilsa*. Á fimmtudeginum var boðið upp á fjölbreytt námskeið og fyrirlestra sem tengdust þema daganna á einhvern hátt. Sérstök áhersla var lögð á að gefa nemendum kost á að kynnst nýjum og spennandi leiðum til að hreyfa sig og efla þannig heilsuna. Á fimmtudagskvöldinu var skemmtikvöldið Flödeskum haldið á sal skólans. Var mjög vel mætt og dagskráin skemmtileg. Á föstudeginum var svo íþróttakeppni á milli starfsmanna og nemenda í Reykjaneshöll og að því loknu var skemmtun á sal og hádegissnarl. Þemadagarnir tókust vel og voru nemendur og kennarar almennt ánægðir.

5.8. Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið í 17. sinn síðasta kennsludag fyrir páska eins og venjulega, sem að þessu sinni var föstudagurinn 15. apríl. Gunnar Magnús Jónsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum. Að þessu sinni kepptu sex lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara nokkrir fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var mjög jöfn og spennandi en svo fór að appelsínugula liðið sigraði og hlaut að launum pítsuveislu og farandbikar.

5.9. Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig að vanda vel í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu. Lið skólans tekur í vetur þátt í MORFÍS, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna. Okkar lið vann lið Fjölbrautaskólans í Breiðholti á heimavelli í 1. umferðinni og heimsækir lið Framhaldsskólans á Snæfellsnesi í næstu umferð. Það er gaman að segja frá því að nemandi okkar var kosinn formaður MORFÍS en það er Bjarki Brynjólfsson. Lið skólans í spurningakeppninni Gettu betur stóð sig líka prýðilega.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna var haldin í skólanum 16. mars og komu þá rúmlega 130 grunnskólanemendur hingað til að taka þátt. Verðlaunaafhending fór síðan fram á sal skólans nokkru seinna.

Söngkeppni framhaldsskólanna fór fram á Akureyri laugardaginn 9. apríl. Sabína Sif Sævarsdóttir keppti þar fyrir okkar hönd en hún sigraði í Hljóðnemanum, söngkeppni skólans. Sabína Sif stóð sig frábærlega fyrir norðan og endaði í 3. sæti en keppendur voru 31 að þessu sinni. Sabína söng lagið Þú brást mér sem hét upphaflega You Lost Me og er flutt af Christinu Aguilera.

5.10. Gjafir og styrkir

Skólinn og nemendur hans hafa fengið góðar gjafir á skólaárinu. Vélstjórafélag Suðurnesja gaf 6 vélaherma að andvirði 500.000 kr. Hermarnir eru notaðir í vélstjórn námi. Auk þess fékk skólinn 6 LAN-mæla frá Ískrafti en þeir eru notaðir í rafvirkjun. Félag iðn- og tæknigreina gaf vélstjórnarnemendum á leið í vinnustaðanáám vinnufatnað og Vélstjórafélag suðurnesja gaf öryggisskó. Fyrirtækið Vökvatengi ehf gaf síðan skólanum dælustöð og lagnaefni. Gjafir sem þessar eru skólanum mjög dýrmætar.

Á vorönn voru veittir fimm styrki til bókakaupa úr Minningarsjóði Gísla Torfasonar. Styrkir úr sjóðnum eru veittir þeim sem eiga við fjárhagslega erfiðleika að etja.

6. Skýrsla matsnefndar

Haustönn 2010

Á haustönn 2010 var eftirfarandi á dagskrá samkvæmt matsþring skólans:

1. Könnun á kennslu og kennsluháttum auk starfsmannaviðtala
 - Um það bil fjórðungur kennara
2. Mat á störfum annarra starfsmanna (námsráðgjöfum, bókasafnsstarfsmönnum, skrifstofufólki, umsjónarmönnum fasteigna, kerfisstjóra og aðstoðarmanni hans, bókara, fjármálastjóra, mætingastjóra, forvarnarfulltrúa, hjúkrunarfræðingi).
 - Spurningakönnun lögð fyrir nemendur.
3. Úttekt á námsmati og vinnubrögðum við prófagerð
 - Niðurstöður lokaprófa slegnar inn í LXR prófafortitið og metnar
4. Mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum
 - Tölur eru teknar í lok hverrar annar
5. Könnun á notkun heimasíðu
 - Gerist sjálfvirkt, kerfisstjóri sér um það
6. Gera upp sjálfsmatsáætlun fyrir önnina og setja samantekt í skólaskýrslu

Breytingar á skipan í matsnefnd urðu þær að Atli Þorsteinsson bættist í hópinn fyrir hönd samfélagssviðs. Verkefnisstjóri yfir matsnefndinni var í fæðingarorlofi þessa önn og sinnti settur skólameistari og matsnefndin sjálf störfum hans. Mati á störfum annarra starfsmanna var frestað þar til síðar en í staðinn var gerð könnun á viðhorfi nemenda til mötuneytis

skólans. Þeirri könnun hafði verið frestað frá önninni áður. Þá var úttekt á námsmati og vinnubrögðum við prófagerð frestað.

Í byrjun nóvember var viðamikil könnun á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins lögð fyrir nemendur skólans. Um er að ræða könnun á högum og líðan ungmenna í öllum framhaldsskólum á Íslandi.

Könnun á viðhorfi nemenda til mötuneytisins

Könnun á viðhorfi nemenda til mötuneytisins var lögð fyrir rafrænt en var það í fyrsta skipti sem slíkt var prófað. Könnunin var búin til í forritinu LimeSurvey og send til allra nemenda skólans í tölvupósti. Alls svöruðu 348 nemendur, 184 stelpur og 164 strákar, langflestir undir tvítugu. Matsnefndin var mjög ánægð með svörunina í þessari fyrstu rafrænu könnun. Öll úrvinnsla var mjög þægileg og fljótleg og er nú stefnt að því að leggja sem flestar kannanir fyrir rafrænt, utan kennslumatsins. Könnun á viðhorfum til mötuneytisins var síðast lögð fyrir vorið 2006 en spurningar voru ekki alveg þær sömu. Þá tóku 256 nemendur þátt.

Helstu niðurstöður í könnuninni á viðhorfum nemenda til mötuneytisins núna voru þær að um 35% þátttakenda borða hádegismat í mötuneytinu en 31% borðar heima í hádeginu. Þá eru um 14% sem koma með nesti í skólann og næstum jafn margir, eða 13%, sem kaupa sér mat annarsstaðar. Rétt tæp 15% þátttakenda segjast aldrei versla í mötuneytinu. Þegar spurt er um kaup á rétttri dagsins, sem er heit máltíð, segjast tæp 68% aldrei kaupa hann. Tæp 19% kaupa hann einu sinni í viku, 8% tvisvar sinnum en mjög fáir kaupa hann oftár. Þegar spurt er um úrval í mötuneytinu telja tæp 48% þátttakenda úrvalið gott eða mjög gott, tæp 37% telja það sæmilegt en 12% lélegt. Niðurstöður þessarar spurningar eru mjög sambærilegar niðurstöðunum á vorönn 2006.

Um 71% þátttakenda finnst verðið í mötuneytinu ekki sanngjarnt. Þrátt fyrir það eru tæp 33% sem eyða yfir 2.000 kr. þar á viku. Tæp 55% eyða 1-2.000 kr. í mötuneytinu á viku. Tæpum 68% þátttakenda finnst þjónustan í mötuneytinu góð eða mjög góð en tæp 9% segja hana lélega. Það er greinilegt að nemendum finnst umgengni í matsal vera ábótavant, rétt tæp 80% segja hana lélega eða sæmilega og skiptist hlutfallið næstum jafnt á milli flokkanna tveggja. Rétt um helmingur þátttakenda segir aðstöðuna í matsalnum vera góða eða mjög góða, tæp 13% telja hana lélega og tæp 31% sæmilega.

Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar vakna spurningar um það hvort leggja eigi jafn mikla áherslu á heitan mat í hádeginu og gert er þegar tæp 70% nemenda kaupa hann aldrei. Þegar könnunin var lögð fyrir vorið 2006 voru tæp 63% sem keyptu aldrei heitan mat í hádeginu svo staðan hefur heldur versnað. Þá er frekar lítil hluti nemenda sem kaupir sér yfir höfuð hádegismat í hádeginu, eða aðeins 35%. Starfsemi mötuneytisins verður boðin út vorið 2011 og verða niðurstöður þessarar könnunar vonandi nýttar við þá vinnu til að reyna að auka hlutfall þeirra sem nýta sér þjónustu mötuneytisins.

Kennslumat haustannar 2010

Kennslumat var lagt fyrir hjá 18 kennurum og lauk starfsmannaviðtölum á vorönn 2011.

Vorönn 2011

Á vorönn 2011 var eftirfarandi á dagskrá samkvæmt matsþring skólans:

1. Könnun á kennslu og kennsluháttum auk starfsmannaviðtala
 - Um það bil fjórðungur kennara
2. Könnun á líðan nemenda (mögulega í samstarfi við FSU og FVA)
 - Spurningalisti lagður fyrir nemendur
3. Kanna móttöku nýrra kennara
 - Spurningalisti lagður fyrir kennara og/eða viðtöl
4. Mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum
 - Tölur eru teknar í lok hverrar annar
5. Könnun á notkun heimasíðu
 - Gerist sjálfvirkt, kerfisstjóri sér um það
6. Taka út stöðu eigna (búnað, viðhald, tæki o.fl.)
 - Haldin er skrá yfir allan búnað og hann merktur
7. Gera upp sjálfsmatsáætlun fyrir önnina og setja samantekt í skólaskýrslu

Allar kannanir og athuganir sem voru á dagskrá þessa önn voru framkvæmdar en mat á störfum annarra starfsmanna, sem frestað var haustið 2010, bíður enn til næsta hausts.

Könnun á móttöku nýrra starfsmanna

Könnun á móttöku nýrra starfsmanna var send út rafrænt í tölvupósti 1. mars 2011. Alls fengu 17 starfsmenn könnunina en svör bárust frá 12 þeirra. Þessi könnun var síðast lögð fyrir á vorönn 2009 og eru þetta þeir sem hafa byrjað að vinna í FS síðan þá og starfa þar enn. Könnunin samanstóð af átta spurningum, þar af sex opnum.

Samkvæmt niðurstöðunum eru starfsmenn almennt ánægðir með móttökurnar sem þeir fengu þegar þeir hófu störf við skólann. Það kom þó í ljós að ekki hafði verið farið yfir gátlistann með þremur kennaranna og að þrír þeirra höfðu aldrei skoðað kennarahandbókina. Gátlisti fyrir sviðsstjóra var útbúinn eftir að þessi könnun var lögð fyrir í fyrsta skipti og eiga þeir að nota hann og fara yfir með öllum nýjum kennurum. Greinilegt er að leggja þarf meiri áherslu á þetta við sviðsstjórana. Þá er slæmt að þrír hafi aldrei skoðað kennarahandbókina, greinilegt var á einu svaranna að viðkomandi vissi ekki einu sinni að slík bók væri til. Það er hlutverk sviðsstjóranna að afhenda kennurum handbókina sem eiga svo að sjálfsgöðu að kynna sér efni hennar. Það þarf að ráða bót á því ef misbrestur hefur orðið á þessu ferli, og fara reglulega yfir þessi mál með sviðsstjórunum, að minnsta kosti í upphafi hvers skólaárs.

Nýlega var stofnað kennsluteymi við skólann og er eitt af hlutverkum þess að veita nýjum kennurum stuðning. Matsnefnd leggur til að nýir kennarar verði boðaðir til formlegs kynningarfundar ásamt sviðsstjórum og kennsluteyminu í byrjun hvernar haustannar, til dæmis daginn áður en kennarar mæta almennt til starfa. Þar væri hægt að fara yfir allar helstu upplýsingar varðandi skólann og starfið í kringum hann, uppbyggingu námsins, Moodle og fleira og síðan gætu kennarar hitt sinn sviðsstjóra í framhaldi til að fara yfir gátlista og kennarahandbókina. Líklega er betra að gera þetta í rólegheitum áður en vinnan hefst svo að ekkert gleymist.

Matsnefndin leggur einnig til að útbúin verði nokkurs konar tímalína fyrir kennara og stjórnendur til að vinna eftir, í samræmi við dagatal skólaársins.

Könnun á líðan nemenda

Könnun á líðan nemenda var send út rafrænt á skólanetfang allra skráðra nemenda 11. mars 2011. Hún var opin til og með 8. apríl og tóku alls 425 nemendur þátt, 232 stelpur og 193 strákar. Tölulega úrvinnslu má sjá í Viðauka 1. Líðan nemenda var síðast könnuð vorið 2008 en þá tóku 378 nemendur þátt í skriflegri könnun sem lögð var fyrir í kennslustund. Sama könnun var lögð fyrir í Fjölbrotaskóla Vesturlands (FVA) og Fjölbrotaskóla Suðurlands (FSU) og var það endurtekið núna til samanburðar. Fyrirlögnin var þó ólík á milli skóla.

Skóli	Fjöldi þátttakenda
Fjölbrotaskóli Suðurnesja (FS)	425
Fjölbrotaskóli Vesturlands (FVA)	359
Fjölbrotaskóli Suðurlands (FSU)	547

Sameiginlegar spurningar voru að þessu sinni átta talsins og snéru þær allar að líðan nemenda, námi og kennslu. Einni spurningu varðandi líðan var bætt við aftast í könnunina, til að athuga samræmi og kanna hvort nemendum sem líður ekki vel í skólanum svari á sama veg þegar spurt er almennt. Niðurstöður í FS og FSU voru sambærilegar í flestum spurningum en heldur betri hjá FVA.

Þegar nemendur voru spurðir um líðan í skólanum sögðust 88% nemenda líða mjög eða frekar vel í skólanum. Þegar könnunin var lögð fyrir síðast svöruðu 93% á sama veg svo greinilegt er að skoða þarf þetta betur. Um 12% segja líðanina vera frekar eða mjög slæma en á bakvið þá tölu er 51 nemandi. Matsnefnd telur hlutfall nemenda sem líður ekki vel vera of hátt og ekki gott hversu mikið það hefur aukist á síðustu þremur árum. Niðurstöður spurningarinnar sem bætt var við, Ertu sátt/ur við lífið og tilveruna, voru sambærilegar líðan í skólanum. Um 12% nemenda eru frekar eða mjög ósáttir við lífið og tilveruna. Þegar nemendur voru spurðir um ánægju með að vera í FS sögðust 82% vera mjög eða frekar ánægðir með það. Vorið 2008 var hlutfall þess hóps 87%. Í dag eru 17% nemenda eða 73 einstaklingar frekar eða mjög óánægðir með að vera í FS. Þetta er eitthvað sem matsnefnd

telur nauðsynlegt að skoða vel og gera breytingar sem gætu haft jákvæð áhrif bæði á líðan og viðhorf nemenda til skólans.

Viðhorf nemenda til félagslífsins er aðeins neikvæðara núna en síðast, 76% telja það mjög eða frekar gott á mótí 81% nemenda vorið 2008. Erfitt getur verið að álykta eitthvað út frá þessari spurningu þar sem ný stjórn nemendafélagsins tekur við á hverju skólaári og svörun miðast því líklega við skipulagið hverju sinni. Niðurstöðum þessarar spurningar verður komið til nýrrar stjórnar NFS enda nauðsynlegt fyrir þá að vita að 24% nemenda telja félagslífið frekar eða mjög lélegt, og mögulega bregðast við því á einhvern hátt.

Þær spurningar sem koma eins eða betur út núna en vorið 2008 snúa að aðstöðu til náms og að kennslunni. Um 89% telja aðstöðu til náms mjög eða frekar góða og er það sama niðurstaða og síðast. Um 58% nemenda segja kennsluna hafa aukið áhuga sinn á námi og hefur það hlutfall aukist um 8 prósentustig síðan vorið 2008. Þarna er þó mikið svigrúm til að reyna að auka áhuga fleiri nemenda. Um 87% telja kennsluna mjög eða frekar góða á mótí 85% vorið 2008. Þá segjast 83% nemenda sinna náminu mjög eða frekar vel og hefur það hlutfall hækkað mikið síðan síðast en þá svöruðu 71% nemenda á sama veg.

Nokkrar viðbótarspurningar voru settar inn í könnunina þar sem meðal annars var spurt um búsetu, vinnu með skólanum, nýtingu stoðtíma og notkun nemenda á Moodle. Í ljós kom að stærstur hluti nemendahópsins býr hjá foreldrum sínum eða tæp 82%. Um 46% nemenda vinna með skólanum og er það svipað hlutfall og í FVA en í FSU vinna 56% með náminu. Hvað varðar nýtingu á stoðtímum virðast 49% nemenda aldrei fara í stoð, 31% þeirra fer einu sinni í viku og 14% tvisvar sinnum. Mikil ánægja er með niðurstöðu spurningar á notkun Moodle þar sem 86% nemenda nota Moodle á þessari önn. Stærstum hluta þátttakenda finnst mjög eða frekar gott að nota kerfið eða 80%. Tæp 73% nemenda nota Moodle í bóklegum fögum en aðeins 12% í verklegum.

Drög að úrbótaáætlun vegna könnunar á líðan nemenda

Greinilegt er að fleiri nemendum líður ekki vel núna en fyrir þremur árum síðan, og of mörgum nemendum í skólanum líður illa. Í ljósi þess hvernig atvinnuástand og fleira er á Suðurnesjum kemur það ef til vill ekki á óvart. Vanlíðan nemenda virðist ekki einskorðast við skólann því sama svörun kemur fram þegar spurt er hvort nemendur séu sáttir við lífið og tilveruna. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt fyrir skólann að bregðast við og gera einhverjar breytingar til að reyna að hafa áhrif á líðan nemendanna, sem hefur örugglega áhrif á námsárangur þeirra. Könnunin var að sjálfsögðu nafnlaus og með öllu órekjanleg svo gera þarf almennar breytingar og meta svo árangurinn með því að leggja könnunina aftur fyrir, til dæmis að ári liðnu.

Fyrsta skrefið í átt að breytingum verður tekið með vinnudegi kennara og starfsmanna mánudaginn 23. maí undir stjórn tveggja sálfræðinga. Þar verður starfsfólk meðal annars fengið til að velta fyrir sér mögulegum aðgerðum til að stuðla að betri

samskiptum við nemendur og betri líðan þeirra. Stefnt er að því að nota afrakstur þessarar vinnu til stefnumótunar í skólastarfinu.

Annað skrefið verður tekið með stóru skólaþróunarverkefni sem fer af stað næsta haust. Að minnsta kosti þrjátíu kennarar hafa sýnt verkefninu áhuga og verður Ingvar Sigurgeirsson ráðgjafi hópsins. Vinnuheitið er FS – skemmtilegri skóli. Einstök verkefni verða mjög fjölbreytt en munu öll miða að því að gera FS að skemmtilegri og betri skóla, nemendum og starfsfólki til hagsbóta.

Kennslumat vorannar 2011

Kennslumat var lagt fyrir hjá 17 kennurum og stefnt er að því að starfsmannaviðtölum verði lokið snemma næsta haust.

Þess er gaman að geta að í lok maí birtist samantekt á framhaldsskólum landsins í blaði Frjálsrar verslunar. Fjölbrotaskóli Suðurnesja kom mjög vel út úr þeirri samantekt og lenti í 7. sæti af 32. Það má þó alltaf deila um mælikvarðana sem notaðir eru við svona mat.

Hanna María Kristjánsdóttir, verkefnastjóri matsnefndar, tók saman.

7. Skýrslur sviðsstjóra

7.1. Málavíð

Kennarar og kennsluskipting

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Anna Albertsdóttir	Dan 193	0	6
Rakel Linda Gunnarsdóttir	Dan212,202,102/ÍSD103,203	30	30
Sumarrós Sigurðardóttir	Dan 102,103,202,203,303	30	30
Simon Cramer Larsen	Dan 102,202	24	24
Axel Gísli Sigurbjörnsson	Ens 102,303	36	36
Einar Valgeir Arason	Ísl 102,103,202, 303,Ens 202	18	18
Elísabet Karlsdóttir	Ens 102,202,1S3	12	12
Karen Arason	Ens 202,403,603,703/803(P)	24	24
Sara Harðardóttir	Ens 103,202,212,213,503	30	30
Veska A. Jónsdóttir	Þýs 303,403,Ens 212	30	30
Sigríður Anna Ólafsdóttir	Ísl T93,F93,403	18	18
Jórunn Tómasdóttir	Ísl 102,103,202,203,143, 243,Fra 203/303 (saman)	30	30
Hulda Egilsdóttir	Ísl 293,212,203,503	24	24
Starkaður Barkarson	Ísl 212,503	24	24
Anna Karlsdóttir Taylor	Ísl 102,202,303	30	30
Þorvaldur Sigurðsson	Ísl 102,203,303,403	30	30

Einar Trausti Óskarsson	Spæ 103,303,403	30	30
Gustavo Manuel Perez Deniz	Spæ 203,303	24	24
Guðbjörg Jónsdóttir	Þýs 103,203	12	12
Marta Guðrún Jóhannesdóttir	Ísl 193,212,303,293, 503,633(P),ÍSA (allir hóp.vor)	24	18
Laufey Danivaldsdóttir	ÍSA (allir hópar haustönn), Ísl 102,202	24	0

Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

Nokkuð hefur verið um að kennarar breyti til og þrói með sér nýjungar í kennsluháttum. Til dæmis hefur spænskudeildin verið mjög framarlega í að nýta internetið í kennslunni og byrjaði deildin að nota Facebook vefsíðuna sem hluta af námi nemenda. Þá prófaði Rakel í DAN212 á haustönn að rifja enn meira upp og eyða meiri tíma í endurtekningu en áður hefur verið gert og virtist það skila sér í betri árangri nemenda í kaflaprófum og öðru námsmáti á önninni. Á haustönninni kom Simon inn sem nýr dönskukennari. Í fyrstu gekk Simoni ekki vel í samstarfi við nemendur en samstarfsfólkið reyndi að styðja við hann í þeim efnum. Simon breytti sínu eigin viðhorfi gagnvart nemendum og námi þeirra á vorönninni, varð jákvæðari í þeirra garð og vann meira með nemendum og á þeirra forsendum og allt gekk miklu betur í samskiptum og árangur nemenda mjög góður. Einar Trausti hefur verið að vinna með ýmsar nýjungar í spænskukennslu hvað varðar málfræði og orðaforðabjálfun með tölvuvinnu.

Á haustönn í íslenskudeild komu þær Sigríður Anna Ólafsdóttir og Laufey Danivaldsdóttir inn sem nýjir kennarar, Laufey hætti svo að lokinni haustönninni, Sigríður Anna hætti svo að lokinni vorönninni. Í dönskudeild kom Simon C.Larsen inn sem nýr kennari. Hulda Egilsdóttir fór í barnsburðarleyfi á miðri vorönn og í hennar stað kom Starkaður Barkarson og tók við hennar áföngum. Í ÍSL 212 var Íslenskri málsögu Sölva Sveinssonar skipt út fyrir *Tungutak –málsaga*. Í ÍSA bjó Marta Guðrún til verkefnapakka í málfræði og bókmenntasögu (ÍSA 403). Í ÍSA notaði hún einnig vefinn lyrikline.org. Bætt var við námsvef Einars Trausta (metodoetro.fss.is) en þar gátu nemendur í ÍSA öðlast þjálfun í notkun íslenskra sagna í ólíkum háttum, tíðum og persónum. Í ÍSL 303 endurskoðaði Marta verkefnapakka úr Njálu og bjó til ýmis verkefni upp úr bókmenntasögunni. Ferliritun hefur rutt sér rúms í mörgum áföngum, bæði móðurmáls og erlendum tungumálum. Í ÍSL 193 var tveggja kennara kerfi notað í fyrsta sinn á haustönninni, Anna Rögnvaldsdóttir kenndi með Mörtu Guðrúnu. Þemaverkefni notaði Marta Guðrún meira en áður á þessu skólaári þó fyrst og fremst í grunnáföngum og í ÍSA. Í samstarfi við Einar Trausta tók hún inn metodoetro í ÍSA og vonast til þess að áfram verði haldið að þróa þá aðferð í kennslu íslensku sem annars máls.

Nýjar kennslubækur og – gögn

Spænskudeildin notaði Facebook samskiptavefinn sem hluta af námi nemenda. Einar Trausti notar einnig vefinn sem hann hefur útbúið undir nýtt efni etro.fss.is. Rakel notaði þættina

um Ástríði sem hluta af kennsluefni fyrir ÍSD (Íslenska í daglega lífinu) og bjó til verkefnapakka úr þáttunum. Einnig notaði Rakel enn meira af vefefni fyrir ÍSD en á fyrri önnum bæði fréttatengt og vegna heimildavinnslu.

Námsmat

Hægt er að sjá námsmat á kennsluáætlunum. Námsmatið er mjög mismunandi milli áfanga á þessu sviði. Sumir áfangar hafi 50% *Vetrareinkunn* á móti 50% *Lokaprófseinkunn* (DAN 212), á meðan aðrir hafa *Ritun og annað* 65%, *Mæting og þátttaka* 15%, *Munnlegt próf* 20% (ÍSA 203). Í ÍSL 193 og 212 er 50% lokapróf en 60% í 503. Ýmis verkefni eru unnin, smærri og stærri ritunarverkefni (heimildaritgerðir o.s.frv.). ÍSA eru símatsáfangar. Nemendur í ÍSL 212, sem þurfa á mikilli hvatningu að halda, gátu lokið áfanganum með vetrareinkunn ef hún var yfir 8.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Listi frá hverjum kennara yfir þau námskeið og ráðstefnur sem þeir sóttu á skólaárinu. Ef einhverjir sóttu engin námskeið eða ráðstefnur sleppa þeir þessum lið.

Nafn kennara

Námskeið

Rakel

„Lífsleikni“ á vegum Lífsleiknikennara haust 2010.

Veska

Prófagerðarnámskeiðið Question Writer 4 vor 2011.

Marta Guðrún

Nýjar kennsluáðferðir í móðurmálskennslu (SM)

Hedda Gabler e. Ibsen (Endurmenntun HÍ)

Sjálfsmyndin og samfélagið (Leiðtogaskóli Þjóðkirkjunnar)

Sviðsfundir

Sviðsfundirnir voru samkvæmt dagatali. Fyrsti eiginlegi sviðsfundurinn var þ. 2.9.10. Þá var farið yfir starfið sem var að hefjast á nýju skólaári. Alls urðu fundirnir 8 á skólaárinu, 4 á haustönn og 4 á vorönn. Ýmislegt var rætt á þessum fundum m.a. var farið yfir fasta liði eins og hvernig önnin byrjar, innkaup, kennsluáætlanir, námsmat, bókalista, Innu, tölvuvagna, próf og prófaundirbúning, samráð á yfirferð, útkomu úr prófum og fleira.

Rætt var að þyrfti að passa vel fjölda í hópum, mikið misræmi í sömu áföngum t.d. 7 og 17 í DAN 102 á þessari önn. Athuga þyrfti vel samræmi stundatöflu og árangurs. Gera kennara meðvitaða um að auka aðhald t.d. með heimalærdóm. Sviðið sammála um að það skiptir miklu máli fyrir árangur nemenda.

Langar kennslustundir. Löngu tímarnir voru tíðræddir þ.e.a.s. 80 og 120 mínútna tímarnir. Mikið var rætt um hvernig þessir tíma nýtast nemendum og einnig hvernig þeir nýtast til kennslu. Verst þótti að lengstu tímarnir festu 2 stuðla og að 80 mínútna tímarnir lokuðu á

stoð að hluta til og þeir nemendur ættu erfitt með að fá aðstoð í sínu námi með því að nýta sér stoðkerfið sem skólinn býður upp á.

Á haustönn ræddum við álag á nemendur vegna **prófa fyrir miðannamat** og hvort og hvernig mætti laga það. Komu fram hugmyndir eins og að hvert fag fengi ákveðna viku til að prófa í síðustu 3 vikur fyrir miðannamat, einnig að stuðlar hefðu hver sinn prófdag eða viku. Einnig var stungið upp á því að stuðlar/fög skiluðu miðannarmati á mismunandi tíma og að fólk notaði Moodle og hefðu próf á netinu. **Einkunnir haustannar** voru skoðaðar og rætt um hvernig mætti nýta betur þessar tölulegu upplýsingar/staðreyndir sem eru á blöðunum og nýta til úrbóta.

Þá ræddum við um **einelti og áreitni** gagnvart nemendum í borðsal. Rætt var um lausnir og úrbætur og fengum ábendingu um góða mynd um einelti sem margir notuðu síðan í hópum sínum.

Á haustönn kom upp umræða um mikilvægi **samstarfs við grunnskólana** á svæðinu. Dönskudeild skólans boðaði til fundar við dönskukennara grunnskólanna til að stuðla að aukinni samvinnu.

Samstarf um próf hófst síðan á vorönn milli framhaldsskóla, þá fengu þeir sem það vildu, aðgang að prófum annarra skóla (Akranes, Selfoss og Suðurnes). Í þessum **prófaskiptum** skiluðu sér ekki próf á milli allra áfanga, skortur á samvinnu eða samskiptum vegna tímaskorts mætti telja að eigi þar helst hlut að máli.

Rætt var um að stofna **kennsluteymi** og hvert meginhlutverk þess yrði. Miklu máli skipti í umræðunni hvernig þessi vinna yrði greidd. Rætt um að gott væri að sömu aðilar væru ekki lengi í þessu teymi heldur yrðu ör skipti svo fólk héldi sér vel við efnið. **Stuttar námsbrautir og brottfall**. Í sambandi við stuttar brautir kom fram hugmynd um lýðheilsubraut. Almennt var fólk hlynnt því að fá nýjar stuttar brautir sem hægt væri að útskrifa fólk úr. Best ef einhver réttindi fylgdu. Lögð áhersla á að hvetja nemendur og hrósa þeim. Synd hvað margir útskrifast ekki. Ósk kom fram um að athuga hvort nemendur okkar ynnu meira en annarra skóla, hvort það gæti skýrt það hve mikið brottfall væri hjá okkur eða hvort við værum að glíma við viðhorf á svæðinu.

Þemadagar. Rætt um mikilvægi þemadaga m.a. að mikilvægt væri að hitta nemendur í öðrum verkefnum en bara sínu fagi þannig væri félagslega hliðin mjög dýrmæt og mætti alls ekki vanta. Þá var rætt um meiri samvinnu og jafnvel fagleg verkefni kennara og kom fram sú hugmynd að vel mætti nýta þessa daga til umhverfisfegrunar eða viðhalds.

Einnig var rætt um hversu mikilvægt er fyrir okkur sem kennaraheild að vera **vakandi og meðvituð** um kjarasamninga, vinnuframlag og laun okkar. Einnig var almenn umræða um skólasamninginn okkar sem var í vinnslu og samþykktur þetta skólaárið.

Innkaup og fjárveitingar

Engin stórinnskaup voru á sviðinu þetta skólaárið.

Rakel Linda Gunnarsdóttir, sviðsstjóri málasviðs, tók saman.

7.2. Raungreinasvið

Kennarar og kennsluskipting

Kennari	Áfangar - haust	Áfangar - vor
Ása Einarsdóttir	LOL 203, HJÚ 303, HJÚ 403, SJÚ 203, VIN 205 (24 tímar)	HJÚ 503, SAM 103, LYF 103 LOL 203, VIN 205 og Vin 305 (24 tímar)
Guðmundur Grétar Karlsson	Efn 103, Efn 203, Efn 303, Nát 123 (30 tímar)	Efn 103, Efn 203, Efn 313, Nát 123 (30 tímar)
Sólveig Björk Gränz	HJÚ 103, HJV 103, SÝK 103, HBF 103 (24 tímar)	HJÚ 203, SJÚ 103, HBF 103 (18 tímar)
Inga Lilja Eiríksdóttir	STÆ 102, STÆ 103 (12 tímar)	STÆ 102, STÆ 202, STÆ 203 (24 tímar)
Ragnheiður Gunnarsdóttir	Stæ 503, Stæ 413, Stæ 193, Stæ 403 (24 tímar)	Stæ 503, Stæ 413, Stæ 303, Stæ 143 (24 tímar)
Harpa Kristín Einarsdóttir	Líf 113, Nát 103, Lan 103 (24 tímar)	Líf 103, Nát 103, Lan 103 (24 tímar)
Jón Gunnar Sch.	Stæ293x2, Stæ102x2. 24 t.	Stæ293x2, Stæ102, Stæ193, Umf102. 28 tímar.
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆ303, STÆ403, STÆ503, STÆ523, STÆ603 (30 tímar)	STÆ403, STÆ503, STÆ513, STÆ703 (30 tímar)
Ægir Sigurðsson		
Ása Skúladóttir	Byrjaði um áramót.	
Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir		Hætt störfum.
Haukur Ægisson		
Daníel Galvez		
Bergþór Haukdal	STÆ103x2, STÆ122x2, STÆ313 (30 tímar)	STÆ122x2, STÆ203, STÆ313x2 (30 tímar)
Sigrún Eugenio Jónsdóttir	STÆ 193, STÆ 122, BÓK 103, BÓK 213 (30 tímar)	STÆ 122, STÆ 202, BÓK 103 (30 tímar)
Anna Albertsdóttir		

Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

- Á skólaárinu hefur Ása Einarsdóttir lagt aukna áherslu á að gera nemendur virkari í námi sínu með því að auka samvinnunám í hópum. Einnig var lögð áhersla á ábyrgð nemenda í námi með því að allir gerði jafningjamat sem var hluti af námsmati fyrir

hvert verkefni. Facebook tekið í notkun sem samskiptavefur fyrir sjúkraliðanema í vinnustaðanami með mjög góðum árangri. Var með lengda tíma í HJÚ og LYF sem nýttist mjög vel í samvinnunáminu sem var prófað í vetur.

- Í LÍF 113 var aukin áhersla á verklega þáttinn í vistfræði. Einnig var bætt við stórri heimildarritgerð þar sem notast var við leiðsagnarmat. Hef verið að leggja meiri áherslu á samvinnunám þar sem það hentar.
- Í NÁT 123 og EFN 103 var kennt í lengri stokkum á haustönn. Voru tímarnir í NÁT 123 í 120 mín og í EFN 103 80 mín. Þetta gekk furðu vel í Nátinu. Það þurfti að skipuleggja tímarnir og brjóta reglulega upp tímana. Vel gekk að halda nemendum við efnið og nýttust lengdu tímarnir einkar vel þegar unnið var í samvinnuverkefnum, svo nefndum CLIM verkefnum. Í EFN 103 var það til vandræða að eftir klukkan 11:05 voru margir að biðja um að fara í próf í stoði. Það olli nokkru veseni til að byrja með. Ég leysti það þannig að nemendur sem þyrftu að taka próf í stoði myndu þá sækja um leyfi niður á skrifstofu. Snarfækkaði beiðnum eftir það. En það má spyrja hvort að það henti að hafa lengdan tíma aðliggjandi stoði. Nemendur þurfa sumir að fara í stoð, próf, fyrirlestra o.s.frv. Svo er margir eru orðnir mjög svangir á þessum tíma. Tíminn sem byrjaði klukkan 12:00 gekk miklu betur fyrir sig. Ekki þessi pressa að þurfa að sinna einhverju öðru þegar liði á tímarnir. GGK
- CLIM: Á haustönninni var fullvaxta CLIM verkefni (5 einingar) keyrt í áfanganum NÁT 123. CLIM verkefni ganga út á svokallað A verkefni þar sem nemendur lesa sér til um ákveðið námsefni og svara spurningum saman. Síðan vinna þau svokallað B verkefni þar sem lögð er áhersla á margbreytileg verkefni þar sem enda öll með kynningu hópsins á þeim. Almennt kom þetta vel út. Passa verður þó að keyra nemendur ekki út í þessum verkefnum. Það er eins og annað, allt er gott í hófi. GGK

Gerð var könnun á CLIM verkefni og er hún aðgengileg hér:

<https://spreadsheets.google.com/gform?key=0AiPfQ7805n58dHINY0hUa0VfWmlRdW9PMThlb2RNalE&authkey=CMbZ0qAD&hl=en&pli=1&gridId=0#chart>

- Á vorönninni var sami háttur hafður á 120 mín í Nát 123 og Efn 203, 80 mín hjá Efn 103 og 2*55 mín + 1* 80 mínútur hjá Efn 313. Það sem þessu lengdu tímar göggnuðust hvað best var í verklegu tímum. Þarna var hægt að framkvæma verklegu tilraunina og síðan að vinn úr niðurstöðunum á staðnum. Í staðinn fyrir að rétt ná að klára og drífa sig í næsta tíma og þurfa að vinna úr tilrauninni síðar. Nokkuð fáir voru í Efn 203 miðað við þann fjölda sem valdi áfangann og af því má draga að ekki er gott að brjóta upp stokka (120 mín) þegar komið er í sérhæfðari áfanga. Lengdu stokkarnir er umdeilt mál og hafa nokkrir kennarar horn í síðu þessarar breytingar. Á móti kemur

hafa nokkrir kennarar í verkgreinum, listagreinum, hjúkrunargreinum og ekki síst í íslensku 503 tekið þessu fagnandi og telja þetta mjög til bóta. Við erum ekki öll tilbúin til að vinna í 55 mínútna kössum og viljum hafa tækifæri til að þróa og bæta kennsluaðferðir okkar. Það er bara þannig að 55 mínútna tímar henta ekki öllum kennurum/áföngum. Vonandi halda stjórnendur áfram að ýta undir þróun og nýbreytni í skólasterfinu.

Guðmundur Grétar Karlsson

- Á vorönn 2010 var tekin upp sú nýbreytni í stærðfræðinni að heimaverkefnum var fjölgað. Í stað þess að hafa 4 heimaverkefni urðu þau 10 og voru fyrir vikið styttri. 9 bestu giltu síðan 20% af lokaekinn. Þetta þótti takast það vel að því var framhaldið síðastliðinn vetur. Þetta jafnaði vinnuálag á nemendur, hægt var að setja efi í heimaverkefni jafnóðum og farið var í það í kennslustundum og nýting stöðtímanna var betri og jafnari. 3-4 stöðuprófin giltu síðan 20% eins og áður.
- Á haustönn var STÆ523 kenndur á ný eftir nokkurra ára hlé. 12 nemendur völdu áfangann og gekk þeim ljómandi vel. Námsefnið þar samsett úr STÆ523 eftir Jón Hafstein og félagi og gömlu SN bókunum. Auk STÆ523 var STÆ603 einnig kenndur á haustönn en á vorönn STÆ513 og STÆ703. Þannig að nú er boðið upp á 4 framhaldsáfanga í stærðfræði til viðbótar við STÆ313 og STÆ413. Gunnlaugur Sigurðsson
- Á vorönn var prófað að fjölga stöðuprófum í STÆ 122 og 202 í fjögur í stað þriggja og þrjú lätin gilda. Í staðinn var ekki boðið upp á nein sjúkrapróf. Þetta var skýrt tekið fram í kennsluáætlun. Einstaka nemendur kvörtuðu yfir þessu, en undirrituð var mjög ánægð með þetta fyrirkomulag, þar sem tilfinningin var að það var betri mæting í stöðuprófin. Ekki kom til að neinn nemandi í hópnum sem undirrituð kenndi missti af meira en einu prófi. Reynslan af fyrra fyrirkomulagi þar sem þrjú próf voru og sjúkrapróf, þá voru oftast en ekki fleiri en einn nemandi sem þurfti að taka meira en eitt sjúkrapróf. Í bæði STÆ 122 og 202 var prófað að hafa hópverkefni sem gaf góða raun.
Sigrún Eugenio Jónsdóttir

Nýjar kennslubækur og –gögn

- Á sjúkraliðabraut er ekki um auðugan garð á gresja þegar kemur að kennslubókum og námsgögnum og er nánast ekkert námsefni við hæfi til á íslensku. Þó var tekið í notkun nýtt kennsluhefti eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur í LYF 103. Ása Einarisdóttir

- Í HJÚ 203 höfum við bætt við *Dagbók góðrar grannkonu* eftir Doris Lessing við áfangann þar sem við viljum að nemendur þroski með sér skilning á stöðu aldraðra og þessi sögubók nýtist vel við það. Einnig nýjan bækling sem Félag aðstandenda Alzheimersjúkling hefur gefið út *Að endurvekja lífsneistann* og er eftir Jane Verity og passar vel inn í áfangann.

Sólveig Björk Gränz

- Stæ 143 er nýr áfangi og fékk ég að ráða hvað var kennt. Útbjó ég þrjú hefti, Prósentureikningur, Tölfræði og Tími og mælingar. Auk þess var ég með ýmsar þrautir. Nemendur unnu einir og í tveggja til þriggja manna hópum.

Ragnheiður Gunnarsdóttir

Námsmat

LYF 103:	Fjögur heimapróf (vefpróf) 5% hvert, samtals 20% af lokaeinkunn. Tvö könnunarpróf sem gilda 15% hvert af lokaeinkunn. Lokapróf sem gildir 50% af lokaeinkunn.
LOL 203:	Fjögur heimapróf á vef sem gilda 2,5% hvert, samtals 10% af lokaeinkunn. Tvö hlutapróf sem gilda 20% prósent hvort, samtals 40% af lokaeinkunn. Lokapróf sem gildir 50% af lokaeinkunn.
HJÚ 503:	Verkefnavinna: 3 hópverkefni sem gilda 20% hvert. Samtals 60% af lokaeinkunn. Tvö einstaklingsverkefni sem gilda 20% hvort, samtals 40%.
SAM 103:	Símat byggt á verkefnum og þátttöku í kennslustundum. Nemendur skila tveimur einstaklingsverkefnum sem gilda 20% hvort. Hópverkefni: eitt 20% verkefni og fjögur verkefni sem gilda 10% hvort
STÆ 143	Hér var ekki lokapróf heldur símat. 7 heimaðæmi 35%, 3 próf+lokaverkefni 40% vinnubrögð 10%, hópverkefni 15%.
LÍF 113	Stórri heimildarritgerð var bætt við og leiðsagnarmat notað til þess að leiðbeina nemendum um efnistöð og rétta uppsetningu. Vægi verklegra þátta einnig aukið. Sjá annað í kennsluáætlun.
NÁT 103	Bættum við prófum á Moodle í upphafi kafla. Nemendur taka þessi próf heima og þurfa því að lesa yfir kaflann áður en byrjað er á honum. Virkaði mjög vel og hækkaði einkunn á kaflaprófum um u.þ.b. 1,5 frá meðaltali síðustu 3 ára. Annað með sama sniði og áður, sjá kennsluáætlun.
EFN 313	Nýjungar í námsmati. Svindlpróf. Nemendur fengu að hafa með sé einn gulan miða af staðlaðri stærð. Kom vel út. Nemendur lærðu mikið af því að búa til miðann. GGK
NÁT 123 EFN 103 EFN203 EFN303	Sjá kennsluáætlun GGK
STÆ 122	10 heimaðæmi 20%, 3 stöðupróf 20%, Lokapróf (lágmarkseinkun 4,5) 60%
STÆ 202	10 heimaðæmi 20%, 3 stöðupróf 20%, Lokapróf (lágmarkseinkun 4,5) 60%
UMF 102	Eitt heimaverkefni 2%, ritgerð 18%, þrjú stöðupróf 30% og lokapróf 50%.

	Lokapróf skiptist þannig: Krossaspurningar 40%, stuttar skilgreiningar 42% og stutt ritgerð <100 orð 10%, val um eitt af fimm málefnum.
--	---

Námskeið sem kennarar hafa sótt

<u>Nafn kennara</u>	<u>Námskeið</u>
Ása Einarsdóttir	Erfiðir hópar. Námskeið á vegum MSS
	Vettvangsnám fyrir raungreinakennara. Samstarfsnefnd á vegum KÍ og EHÍ
	Framtíðin er núna- tækni fyrir alla. Ráðstefna á vegum Keilis og 3F
Guðmundur Grétar Karlsson	Vettvangsnám fyrir raungreinakennara. Samstarfsnefnd á vegum KÍ og EHÍ
	Rannsóknir og skólastarf, 10 ein námskeið á Menntavísindasviði
	Námskrá og námskrárgerð, 10 ein námskeið á Menntavísindasviði
	Bjórskólinn 3 klst. námskeið
Sólveig Björk Gränz	Hugræn athyglismeðferð fyrra námsk. EHÍ
	Alzheimer sjúkdómurinn dagsnámsk. EHÍ
Harpa Kristín Einarsdóttir	Vettvangsnám fyrir raungreinakennara. Landnáma sexfætlinganna, námskeið á vegum EHÍ.
Sigrún Eugenio Jónsdóttir	New media in Education. Ráðstefna í Kaupmannahöfn 12. – 14. október á vegum félags viðskipta- og hagfræðikennara.
	Málstofa A: Rannsóknir á stærðfræðikennslu. Menntavísindasvið HÍ. 10 ECTS.

Annað sem kennarar vilja taka fram.

JGS: Umhverfismál eru í brennidepli, mér finnst full þörf á að nemendur þekki þróun mála á þessu sviði.

Sviðsfundir

Á haustönn var fyrsti eiginlegi sviðsfundur 2/9 '10 þar sem rætt var hvernig önnin byrjaði hjá hverjum og einum. Fundirnir urðu í allt fjórir. Efni þessara funda var fjölbreytt og má nefna útkoma einstakra áfanga á síðustu vorönn, stokkataflan og lengdir tímar og áhrif þeirra á aðsókn í stoðtíma. Skiptar skoðanir voru á þessu en flestir sem höfðu notað lengri tíma voru ánægðir með það. Fram kom að áhrif á aðsókn í stoð væri fyrst og fremst tengd nemendum í efstu áföngum í stærðfræði. Valið gekk vel. Rætt var um mætingu og höfðu kennarar áhyggjur af slakri mætingu hluta nemendahópsins.

Á vorönn var fyrsti sviðsfundur 13/1 '11. Fundir alls voru fjórir auk lokafundar heima hjá sviðsstjóra. Ekki var rituð fundargerð þess fundar. Á þessum fundum var meðal annars rætt um árangur í einstaka áföngum haustannar, um brottfall og viðbrögð við því, þemadaga og síðan voru fagleg skoðanaskipti fyrirferðamikil á vorönn eins og á haustönn. Á önninni komust á prófaskipti við samstarfsskólana og ríkti ánægja með það. Þá var hægt að bera saman námskröfur og áherslur og fá hugmyndir. Almennt gekk starfið á sviðinu vel. Kennarahópurinn er samhentur og allir leggja sig fram um að gera kennsluna sem besta þannig að góður árangur náist. Góður árangur hefur náðst í því að hvetja nemendur til að velja framhaldsáfangi í stærðfræði og raungreinum. Þannig ættu nemendur héðan að hafa þokkalegan grunn til að byggja á þegar kemur að því að velja sér framhaldsnám.

Innkaup og fjárveitingar

Engin stórinnskaup voru á sviðinu. Keypt var ummönnunarkennslubróða nr. 2 fyrir sjúkraliðabrautina.

Gunnlaugur Sigurðsson, sviðsstjóri raungreinasviðs, tók saman.

7.3. Samfélagssvið

Kennarar og kennsluskipting

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Andrés Þórarinn Eyjólfsson	Íþr1D1,1V1,íþg122,íþr1B1,hbf1S1, Íþr3V1	12,38	19
Atli Þorsteinsson	Fél103,sag103 og 323	30	30
Elísabet Karlsdóttir	Sál103, 203,303, upp103,ens102	30	30
Guðbjörg Jónatansdóttir	Sag103 og 203	24	18
Gunnar Magnús Jónsson	Íþr1V1,2V1,íþf222,íþr1B1,íþg1112	29,5	27,5
Helga Ingimundardóttir	FPJ og SAP	12?	10?
Hlynur Ómar Svavarsson	Við103,143 Hag113,203,103,213	30	24
Hörður	Bók 203 og 303	12	12
Jóna Guðrún Jónsdóttir	LEK og LKN	30	24
Kolbrún Marelsdóttir	LKN103 og T,S og stæS	29	29
Kristjana G.	Íþr, Lol 103 og Nær 103	26	26
Þorbjörg Garðarsdóttir	Utn936, 103 og 203	24	30
Þórunn Friðriksdóttir	Fél 103, o.fl.	24	24
Ægir Karl Ægisson	Fél103,sál203 og 213, sið102, hes103, fná103	18	16

Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

- Sagan notaði Moodle sem auðveldar nemendum að fylgjast með hvernig þeir standi sig og „próf“ á netinu sem er gott aðhald fyrir nemendur.
- Kennd var ferðapjónustubraut sem er algerlega ný braut við skólann.
- Í viðskiptagreinum var lögð meiri áhersla á stýrt leitarnám samhliða flutningi verkefna með gagnvirkri stigagjöf bæði nemenda og kennara í Moodle. Tveir nýir áfangar voru kenndir á árinu; frumkvöðlafræði VIÐ 133 og stjórnun VIÐ 103
- Lífleiknin notaði samþættingu í fornáminu í LKN og UTN og einnig var samþætting í ÍSL og UTN. Gafst það mjög vel.
- LOL103: notaði ALIAS spil hugmyndina sem tókst vel.
- Kenndur var nýr áfangi „ferðanáttúrufræði“ þar sem talsvert voru skoðuð og teiknuð kort.
- Í sál 203 kenndi annar kennarinn nýju kennslubókina í fyrsta sinn og þá varð spurningavinna mikilvægust en hinn kennarinn hafði prófað hana fyrr .
- ÍþG122-Fimleikar voru nýr áfangi sem ekki hafði verið kenndur við skólann í mörg ár. Námsfnið er því allt nýtt og fengu nemendur bæði verklegar og bóklegar leiðbeiningar um hvernig þjálfa ætti fimleika.

Nýjar kennslubækur og –gögn

- Sagan prófaði nýja kennslubók sem er hæfilega þung, *Fornir tímar og Nýir tímar*, eftir Gunnar Karlsson o.fl.
- Í sál 303 var örlítill hluti námsefnis á ensku og gafst það vel. Mætti gera meira af því.
- *Færni í ferðapjónustu I og II* og *Þjónusta - fjöregg viðskiptalífsins* voru bækurnar sem nýja ferðapjónustubrautin notaði.
- Í stjórnun í viðskiptafræði var ný bók notuð eftir Sigmar Þormar sem reyndist góð fyrir framhaldsskóla.
- *Ferð til fjár*, var ný bók sem kennd var í LKN, og í LKN fyrir for nám var prófað að nota *Náttúran lifnar við*.
- Í ferðanáttúrufræði var notast við *Suðurnes* fræðslubók frá bandaríska hernum með texta á íslensku og ensku.
- ÍþG122 sem var kenndur í fyrsta sinn var bókin *Kennsluefni í fimleikabjálfun – Sérgreinahluti FSÍ 1A* notuð.

Námsmat

- Námsmat sést á kennsluáætlunum, en það er blandað á þessu sviði. Sagan er til dæmis með símat og próf á Moodle. Félagsfræði með heimapróf og fl. og fl.
- Sálfræðin var með blandað námsmat, símat í sál 303 með prófum og verkefnum og með próf, verkefnaöppur og lokapróf í sál 103 og upp 203. Í sál 103 sluppu þeir við lokapróf sem náðu 8 eða yfir í kaflaprófum og verkefnum áfangans.
- BÓK notar verkefni yfir veturinn og lokapróf.

- Saga notaði símat og lokapróf, þar sem nemendur ná ekki yfir 8 í annareinkunn.
- Ferðapjónustubrautin notaði 3 próf sem giltu 20% hvert, verkefni 30% og verkefnaskil og frammistaða 10%.
- Viðskiptagreinarnar hafa 4 áfangapróf og gilda 3 af fjórum við mat á því hvort namar sleppa við lokapróf. Nemendur skila 5-10 verkefnum í Moodle sem gilda helming á móti prófseinkunn.
- Leiklist notar símat og Moodle.
- Símat er í LKN 103 og Moodle
- LOL hefur kaflapróf og lokapróf, NÆR notar kaflapróf 20%, matardagbókarverkefni og lokapróf og í ÍPR próf og lokapróf.
- UTN notar símat og lokaverkefni. Einnig stutt próf í Moodle.
- Sálfræði og heimspeki notar oftast hlutapróf, tímaverkefni og stórt verkefni .
- Fimleikar hafa verklegt kennslupróf, tímaseðla og lokapróf í ÍPG122. Í ÍPR er notast við próf og lokapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

<u>Nafn kennara</u>	<u>Námskeið</u>
Elísabet Karlsdóttir	Haust 2010 hjá Ísbrú í sambandi við tungumálakennslu
Jóna Guðrún Jónsdóttir	Námskeið Landverndar- vistvernd í verki Námskeið hjá Jóni Viðar Jónssyni – Shakespeare
Kolbrún Marelsdóttir	„Lífsleikni“ haustið 2010
Kristjana H. Gunnarsdóttir	Þjálfunarbúðir Keilis, námskeið á vegum ÍSÍ og fleira
Þorbjörg Garðarsdóttir	Efnisvinnsla á vef, Miðlun efnis í kennslu og á vef Joomla námskeið Ráðstefna um upplýsingatækni „Framtíðin er núna“ Kynningar um Microsoft á vegum Skýrr
Þórunn Friðriksdóttir	Mannréttindi – Hvanneyri Mið-Asía- hjá H.Í.
Andrés Þ. Eyjólfsson	Þjálfunarbúðir Keilis Leikjanámskeið á vegum Íþróttakennarafélags Íslands

Sviðsfundir

Fundir samkvæmt dagatali og góð mæting á fundina.

Fastir liðir. Rætt um m.a. fasta liði eins og hvernig önnin byrjar, innkaup, kennsluáætlanir, bókalista, Innu, tölvuvagna, próf og prófaundirbúning, samráð á yfirferð, útkomu úr prófum og fleira. Kom fram sú hugmynd á einum fundinum að allir skiluðu lokaprófi eftir miðja önn svo álag og stress yrði minna á prófatíma og svo að prófstjórar gætu skipulagt vinnu sína fyrr. Og að sjálfsgöðu var alltaf passað upp á að fólk vissi hvenær það ætti að koma með eitthvað gott í gogginn, því sviðsfundir eru miklu léttari og ganga betur þegar svangir kennarar koma saman í lok dags til að ræða saman og fá eitthvað að borða í leiðinni.

Próf fyrir miðannarmat. Á haustönn ræddum við álag á nemendur vegna prófa fyrir miðannarmat og hvort og hvernig mætti laga það. Komu fram hugmyndir eins og að hvert fag fengi ákveðna viku til að prófa í síðustu 3 vikur fyrir miðannarmat, einnig að stuðlar hefðu hver sinn prófdag eða viku. Einnig var stungið upp á því að stuðlar/fög skiluðu miðannarmati á mismunandi tíma og að fólk notaði Moodle og hefði próf á netinu.

Langir tímar. Þá ræddum við löngu tímana 80 og 120 mínútna tímana. Verst þótti að lengstu tímarnir festu 2 stuðla og að 80 mínútna tímarnir lokuðu á stoð að hluta til og minnkaði þann tíma sem nemendur gætu unnið saman í hópverkefnum.

Einelti og áreitni. Rætt var um einelti og áreitni gagnvart nemendum í borðsal. Fengum ábendingu um góða mynd um einelti sem margir notuðu síðan í hópum sínum.

Samstarf milli skóla. Á haustönn kom upp umræða um samstarf við grunnskóla og fannst kennurum að frumkvæði að þannig samstarfi ætti að koma frá skólastjórnendum. Samstarf um próf hófst síðan á vorönn milli framhaldsskóla, þá fengu þeir sem það vildu aðgang að prófum annarra skóla (Akranes, Selfoss og Suðurnes). Ekki voru margir sem nýttu sér þetta. Einnig var almenn umræða um skólasamninginn okkar.

Kennsluteymi. Rætt var um kennsluteymi og hlutverk þess. Álitið að gott væri að setja upp ramma fyrir þá vinnu sem þar færi fram og ákveða einhverja greiðslu fyrir. Rætt um að gott væri að sömu aðilar væru ekki lengi í þessu teymi heldur yrðu ör skipti svo fólk brynni ekki út.

Stuttar námsbrautir og brottfall. Í sambandi við stuttar brautir kom fram hugmynd um lýðheilsubraut. Almenn var fólk hlynnt því að fá nýjar stuttar brautir sem hægt væri að útskrifa fólk af. Best ef einhver réttindi fylgdu. Lögð áhersla á að hvetja nemendur og hrósa þeim. Synd hvað margir útskrifast ekki. Ósk kom fram um að athuga hvort nemendur okkar ynnu meira með náminu en í öðrum skólum, hvort það gæti skýrt það hve mikið brottfall væri hjá okkur eða hvort við værum að glíma við önnur viðhorf á svæðinu.

Heilsueflandi skóli. Rætt um heilsuskóla verkefnið og í framhaldi af því reynt að koma með heilsusamlegt meðlæti á sviðsfundi. Kennarar taka vel í verkefnið.

Þemadagar. Hugmynd kom fram um að kennarar notuðu þá í eigin þágu, samvinnu, fagleg verkefni og fleira í þeim dúr.

Metnaður og orðstír. Rætt um metnað og hvernig mætti auka hann hjá nemendum. Með því t.d. að vera hörð með verkefnaskil, skila á réttum tíma. Halda vel utanum reglur skólans. Sýna aga og útskýra fyrir nemendum hvaða kröfur væru gerðar í háskólum. Gera meiri kröfur og umbuna þeim sem standa sig vel eins og í mætingu t.d. Og ekki gleyma að gefa nemendum skýr fyrirmæli svo þau viti til hvers er ætlast af þeim. Hugmynd kom fram um að ef nemendur falla í mörgum áföngum eina eða tvær annir í röð, þyrftu þeir aðhald líkt og í fornáminu. Við þyrftum líka að auglýsa skólann okkar sem góðan skóla svo nemendum finnst það fínt að vera hér. Nota hvert tækifæri til þess. Mikið er rætt um og auglýst hjá Keili og MSS og við verðum að vera dugleg að segja frá kostum okkar í fjölmiðlum.

Innkaup og fjárveitingar

Mjög hefðbundin innkaup, bækur, plakatapappír og fleira. Einnig borgað fyrir aðgengi að skólavef fyrir starfsbrautina aðallega. Starfsbraut skilar síðan sér skýrslu. Helst að við keyptum nýja vigt sem tók þyngra fólk en vigtirnar sem við áttum áður.

Elísabet Karlsdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.

7.4. Tæknisvið

Kennarar og kennsluskipting

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Ívar Valbergsson	VST 2048,3048, KÆL 1024, VFR 1136 og STÝ 1024	30	
Ívar Valbergsson	VST 1036, VST 2048 (1), VST 2048 (2) og KÆL 2024		26
Garðar Þór Garðarsson.	RAM-702, RLT-102, FRL-203, STR-503, RAL-704, VLV-103 utansk.	28+VLV	
Garðar Þór Garðarsson.	FRL-103, VGR-202, RAL-603, RAF-123, STR-402, RLT-202, STR-603,		36
Katrín Sigurðardóttir	THL 103-203-303-136-143, TÁR 193	25	24
Ásdís Björk Pálmadóttir	HGR 103-203, IFH 102-203, PEM 102-202,KLP 102-202,HÞ 101, HLI 101, TÁR 193, HÁR 193	30.5	30
Björn Sturlaugsson	AHL 113, GRT 193-203,TEH 103-203-303, UTN 103x2	30	30
Ágúst Eiríksson	SMÍ 104-204,SUÐ 193, LSU 102, RSU 102, HSU 102, MOV 193, HVI 193, VIR	30	32

	104, SMÍ 104		
Jónas Eydal Ármannsson	SMÍ 104-204, PLV 202, MOV 193, VST 103, EFM 102-202, GÆV 101, MÆM 101, VIR 104	34	32
Bragi Einarsson	UTN 103, MHL 103-203, FSH 102-112, FOH 193, LIM 203, SJL 103-203, MYL 213-233	34	34
Íris Jónsdóttir	SJL 103, MYL 103,213, ITH 103-203, MYN 193-103,	24	24
Gunnar Valdimarsson	VTG 106C, TIH10AL, ÚVH 102, HÚS 193, GLU 104, INR 106, TRÉ 109	33	28
Viggó Benediktsson	HÚS 193, VRK 103, VKN 1S2, VTS 103, INR 106, HÚS1 T12, HVI 193	14	25
Hildur Skúladóttir	TNT 102-202-303-403, LÝS 103, STR 102, NET 102, TÆK102- 112, RAF 113-123, RÖK 102	26	30
Ólafur Sigurðsson	RAM 203-403-502, VGR 103-302-403, RTM 102-202-302, VSM 203,	30	30
Björgvin Jónsson	RAF 253, RAL 102-202-403-503, RRV 203-302,VSM 103, STR 203, RLT 302	34	30
Leifur Ísaksson	EFG 103, GRT 193-293-103, FRV 103, ÖRF 101, INK 102	20	22

Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

- Ívar notaði forritið "Paint" við að kenna bílarafmagnsteikningar. Nemendurnir voru látnir teikna einstaka kerfi í lit og voru þannig fljótari að átta sig á samhenginu í staðinn fyrir að rýna í margar svartar línur. Öll verkefni og verkefnaskil voru á tölvutæku formi og pappírnotkun í lágmarki.
- Jónas Eydal Ármannsson var með nýjan áfanga VIR 104 sem var blanda af vinnustaðanámi og námi innan skólans.
- Bragi Einarsson endurskipulagði Listnámsbraut ásamt námsráðgjöfum.

Nýjar kennslubækur og –gögn

- Nýjar kennslubækur voru teknar í notkun fyrir KÆL 102 og 202.

- Nýjar bækur á hárgreiðsludeild. Fjórar nýjar Pivot Point kennslubækur og dvd.

Námsmat

Ívar Valbergsson

- Verklegt 30%: Skýrslur, heimavinna, tímaverkefni, raunmæting og virkni í tímum.
- Þrjú skyndipróf 20%. Tvö hæstu prófin af þremur gilda, jafnt vægi.
- Lokapróf 50%: Skriflegt lokapróf áfangans er tekið bæði úr efni bóklegra og verklegra hluta.

Bragi Einarsson

Námsmat í próflausum áföngum:

- Tölvuáfangar: Verkefni í tímum 40% - Lokaverkefni 40% - Mæting 20%
- Teikniáfangar: Verkefni í tímum 40% - Skissubók – 25 – Lokavinna 25% - Mæting 10%

Garðar Þór Garðarsson (raf)

- Lokapróf frá 50- 70%. Verkefni 30-50%. Því meira verklegt því minna vægi á prófum.

Katrín Sigurðardóttir (textíll)

- Símat: Prufur 10%, snið 20%, heimapróf 10%, próf 20%, verklýsingar 5%, mæting 5%, saumur 30%.

Ásdís Pálmadóttir (hár)

- Umsagnarmat, óháður fagmaður dæmir lokapróf ásamt kennara, nemendamati.

Björn Sturlaugsson (fagteikning)

- AHL 113, GRT 193,293,203 verkefnaeinkunn og vinnueinkunn (frágangur og viðvera) = vetrareinkunn+tvö kaflapróf og eitt lokapróf í annarlok
- TEH 103,203,303 verkefnaeinkunn og vinnueinkunn(frágangur og viðvera)=vetrareinkunn 50%+tvö kaflapróf 25%+25% = lokaeinkunn.

Leifur A. Ísaksson (grunnteikning og inniklæðningar)

- GRT 103, 193 og 293 verkefnaeinkunn (vægi 50%) byggð á leiðsagnarmati og tvö til þrjú kaflapróf (vægi 50%).
- INK 102 vinnueinkunn (vægi 40%) byggð á einu skyndiprófi og þremur verkefnum og lokapróf (vægi 60%) í annarlok.

Hildur Skúladóttir

- TNT 102-202-303-403, RÖK 102, NET 102, TÆK102- 112, LÝS 103 og RAF 123: 50% verkefni og skyndipróf, 50% lokapróf

- RAF 113 og STR 102, 60% verkefni og skyndipróf 40% lokapróf

Námskeið sem kennarar hafa sótt

<u>Nafn kennara</u>	<u>Námskeið</u>
Ólafur Baldvin Sigurðsson	Pólland námskeið í neyðarlýsingum júní 2010 Ráðstefna á vegum fræðslumiðstöðvar í rafiðnaði apríl 2011
Ívar Valbergsson	Samskipti foreldra og barna Endurmenntun HÍ janúar 2011
Ívar valbergsson	Siðfræði í kirkjunni Biskupsstofa Íslands mars 2011
Garðar Þór Garðarsson	Ráðstefna á vegum fræðslumiðstöðvar í rafiðnaði apríl 2011
Katrín Sigurðardóttir	Námskeið í frjálsum útsaum á vél júní 2010 (Endurm. HÍ) Námskeið í vettlingaprjóni apríl 2011 (Heimilisiðnaðarf)
Björn Sturlaugsson	Viðhald og verðmæti bygginga (Nýsköpunarmiðstöð Íslands maí 2011) SketchUP teikniforrit (Endurmenntun Háskóla Íslands maí 2011)
Bragi Einarsson	Námskeið á vegum FÍMK á ágúst og september 2010 SketchUp teikniforrit á vegum Endurmenntun Háskóla Íslands maí 2011
Leifur A. Ísaksson	Vinnu saman þvert á greinar, ráðstefna á vegum Samtaka áhugafólks um skólapróun, haldin í Borgarholtsskóla 13. ágúst 2010
Hildur Skúladóttir	5 námskeið í Rafiðnaðarskólanum í apríl og maí 2011 Ljósleiðaratækni 1, Ip símataækni, Tölvufagteikning, Loftstýringar og Kælitækni. Cisco kennsluefni, námskeið í Tækniskólanum mars/apríl '11

Sviðsfundir

Sviðsfundir voru 4 á hvorri önn. Fundirnir nýttust vel, þjöppuðu fólki saman, og þarna voru hinar ýmsu tilkynningar og álit og hugmyndir fengnar hjá kennurum. Fagleg umræða var mikil t.d. um próf og prófagerð, samræmingu á yfirferð, mætingarreglur í verklegum áföngum o.fl. Kennarar ræddu um meðal annars fjölbreytni í námsmati og nýjar leiðir þar. Of hátt brottfall var oft til umræðu og er áhyggjuefni hér á svæðinu. Ýmsar nýjungar ræddar sem eru til að sporna við brottfalli t.d. nýjar styttri námsbrautir sem gætu höfðað frekar til sumra nemenda. Stoðið var til umræðu og eru mjög skiptar skoðanir um hvort það eigi að vera eða ekki. Kennurum er umhugað um stöðu verknáms og verkþekkingar í landinu. Í

apríl kom góður gestur á sviðsfund en það var Gylfi Einarsson sem hefur verið í starfgreinaráði í verklegum greinum. Gylfi kynnti tölur um stöðu og aðsókn í nám í verklegum greinum. Einnig var talað um erfitt árferði núna þar sem mjög erfitt er fyrir nemendur að komast á samning. Kennarar á tæknisviði tóku þátt í kynningu nú í vor sem var í Stapa ásamt öðrum skólum. Kynningin var sérstaklega fyrir atvinnuleitendur. Á sviðsfundi kynnti Bragi breytingar á listnámsbraut en nú er listnámsbrautin breytt og það verður gaman að sjá hvernig hún kemur út.

Innkaup og fjárveitingar

- Búnaður var keyptur í kennslustofuna 204 til hagræðingar fyrir nemendur og kennara.
- Textíleildin fékk nýja overlocksaumavél.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.

7.5. Starfsbraut 1

Nemendur

Nemendur á starfsbraut 1 skólaárið 2010 – 2011 voru 25 á haustönn og 25 á vorönn. Í upphafi haustannar voru 23 nemendur skráðir á brautina. Einn nemandi færðist yfir á starfsbraut 1 úr fornámi og einn nemandi hætti. Nemendur á brautinni eru greindir með þroskahömlun en auk þess, ADHD, á einhverfurófi, SELD, en nánari upplýsingar er að finna um hvern og einn nemanda í einstaklingsnámsskrá.

Kennsla og kennarar

Eftirfarandi kennsluskipting var á starfsbraut 1 á haustönn 2010:

- Ásta Katrín Helgadóttir; ÍSL, ENS, STÆ, STV, LKN, ÍÞR, SKV
- Anna Rögnvaldsdóttir; ÍSL, ENS, STÆ, STV, LKN, , SKV
- Lárus Þór Pálmason; STÆ
- Kolbrún Marelsdóttir; LKN
- Viggó Benediktsson; VKN
- Kristjana Hildur Gunnarsdóttir; ÍÞR
- Helgi Biering; STÆ, LKN, SKV, VKN, ENS, STV

Nemendur af starfsbraut 1 sóttu einnig hina ýmsu almenna áfanga eftir áhuga og færni.

Eftirfarandi kennsluskipting var á starfsbraut 1 á vorönn 2011:

- Ásta Katrín Helgadóttir; ÍSL, ENS, STÆ, STV, ÍÞR, SKV, LKN

- Anna Rögnvaldsdóttir; ÍSL, ENS, STÆ, STV, SKV, LKN
- Lárus Þór Pálmason; STÆ
- Kolbrún Marelsdóttir; STÆ
- Kristjana H. Gunnarsdóttir; ÍPR
- Ágúst Eiríksson ; VKN
- Andrés Þórarinn Eyjólfsson; HBF
- Helgi Biering; ENS, STÆ, STV, SKV, LKN, VKN

Nemendur sóttu einnig hina ýmsu almennu áfanga. Umsjónarkennarar nemenda voru Ásta Katrín Helgadóttir og Anna Rögnvaldsdóttir.

Kennsluhættir

Á starfsbraut er reynt að skipuleggja nám nemendanna út frá markmiðum sem sett eru fyrir hvern og einn. Gerðar eru einstaklingsáætlanir og kennsluáætlanir byggðar á þeim. Við gerð einstaklingsáætlana er tekið mið af áhugasviði, athugaðir eru styrkleikar og veikleikar og áætlun unnin m.t.t. þessara þátta. Einnig er framtíðin með vinnu eða annað nám að loknum skóla höfð í huga. Kennsluáætlanir eru í sífelldri endurskoðun og ný markmið sett ef þess þarf. Sífelld er þörf á að vinna með tjáningu, samskipti og þætti daglegs lífs og hefur starfið í vetur einkennst af því nú sem endranær.

Kjarnafög

Stærðfræðin hefur verið miðuð að því að styrkja þau og efla til að takast á við hina ýmsu þætti sem tengjast daglegu lífi. Mikið er búið að búa til af námsefni í stærðfræði og höfum við sett efnið niður eftir árum, finnst okkur hafa vel tekist til með það. Efnið er í sífelldri endurskoðun og breytingar eiga sér stað milli anna og eftir nemendahóp. Gott er því að geta haft aðgengi að og eiga stóran efnisbanka. Í vetur var einnig ákveðið að skipta hópnum meira upp í stærðfræði og var hópnum skipt í þrennt. Tilraun var gerð með að setja einn hóp í undirbúning fyrir stærðfræði 193 og er ætlunin að halda áfram með það næsta haust.

Í íslensku hefur verið lögð áhersla á skilning og að lesa í texta, einnig að viðhalda þeirri þekkingu sem þau hafa í málnotkun. Einnig hefur farið fram undirbúningur fyrir að fara í almennan áfanga. Í íslensku var nemendum skipt upp í hópa eftir getu og einnig af því að 5 nemendur sóttu íslensku 193 fyrir áramót og fylgdi kennari með hópnum inn í tímana. Þessi tilraun tókst vel og náðu allir þessir 5 nemendur íslensku 193. Auk þess að sækja tímana í íslensku 193 voru þau í auka íslenskutíma þar sem kennari fór yfir með þeim heimanám og fór betur yfir efni tímanna ef þess þurfti. Eftir áramót voru 3 nemendur skráðir í 102 en ekki náðist að fylgja þessum nemendum eins vel eftir og fyrir áramót þar sem kennari fylgdi ekki með, en kennari fór yfir efnið aftur og aðstoðaði við heimanám. Boðið var upp á stoð fyrir nemendur af starfsbraut.

Enska er nú kjarnafag á starfsbraut 1 og er því kennd enska í 8 annir. Í ensku er lögð áhersla á að nemendur öðlist þjálfun í tali og skilningi á mæltu og lesnu máli. Einnig er lögð áhersla á þann orðaforða sem tilheyrir þeirra áhugasviði s.s. sambönd, myndir, íþróttir og

tónlist. Á vorönn var gerð tilraun með að kenna nemendum ensku 102 og sá Elísabet Karlsdóttir um þá kennslu. Ekki náðu allir enskunni, en 3 af 7 náðu.

Í lífsleikni í vetur hefur áherslan verið á Finnland, nám og samskipti. Ástráður kom í sína árlegu heimsókn, nauðsynlegt er að fá læknanemana í heimsókn á hverju ári í þennan hóp.

Starfsnámi hefur verið skipt upp á milli ára nemendur af 1-2 ári eru saman og nemendur af 3-4 ári eru saman. Námsfni fyrir nemendur af 1-2 ári hefur verið vinnuvernd, vegabréf á vinnustað, samskipti, réttindi og skyldur á vinnustað, einnig höfum við farið í heimsókn í fyrirtæki, Bílbót, Dýralæknastofu Suðurnesja, Víkurás og Nýmynd. Einnig var sú tilraun gerð að setja alla nemendur í starfsnám og tókst vel til, en ljóst er að til að það gangi vel fyrir sig og sé markvisst þarf nauðsynlega að hafa sérstakan aðila – starfsþjálfara sem sér algjörlega um starfsnámið og eingöngu um starfsnámið. Nemendur af 3-4 ári voru í starfsnámi 1x í viku allan veturinn 2-4 klst. í senn. Þeir skráðu í dagbók það sem þeir voru að gera og hvernig þeim líkaði það. Dagbók skilað í lok annar til kennara. Fyrirtækin sem til var leitað með starfsnám tóku þeim vel, en þau eru eftirfarandi: Dominos, Bílaverkstæði Árna Heiðars, Tölvulistinn, Bílapartasala, Nesvellir, Toyota verkstæði, Hekla, Bílnet, Víkurás, Mötuneyti sjúkrahúss Suðurnesja, Duus- veitingastaður, Flughótelið, K9, hundapjálfunarskóli, Dósasel, aðstoðarmaður knattspyrnuþjálfara hjá Keflavík.

Valfög

VKN - Viggó Benediktsson og Ágúst Eiríksson skiptu þessum áfanga með sér á haust- og vorönn. Á haustönn smíðuðu nemendur tröppu. Á vorönn voru nemendur í málm – og suðu hjá Ágústi Eiríkssyni og smíðuðu m.a. kertastjaka úr málm.

HBF - var kennd á vorönn og sá Andrés Þórarinn Eyjólfsson um þá kennslu. Þar var verið að fjalla um hreyfingu, næringu og kynna nemendum fyrir því sem er í boði í líkamsræktarstöðvum

Hefðir í starfi

Skemmtilegar hefðir hafa skapast í starfi starfsbrautar, s.s. söngvakeppni, stuttmyndakeppni, opinn dagur og svo auðvitað þátttaka í þemadögum skólans og starfshlaupinu. Sú breyting hefur þó orðið á hefðum að stuttmyndakeppni og söngvakeppni eru nú annað hvert ár, ekki á sitthvorri önn eins og verið hefur. Ég tel þetta vera mikið afturskref þar sem þátttaka nemenda í félagslífi er almennt ekki mikil, en þarna var skapaður grundvöllur fyrir slíkt. Eitthvað verður að koma í staðinn og hafa ýmsar hugmyndir komið, en engin ákvörðun tekin eða verið gerð nein tilraun.

Stuttmyndakeppnin var haldin í Borgarholtsskóla í Reykjavík í apríl. Sérstakur áfangi var í boði ætlaður til gerðar stuttmyndar. Ágætismynd var gerð, en ekki hlaut hún verðlaun að þessu sinni. Það var Fjölbraut í Garðabæ sem bar sigur úr bítum að þessu sinni.

Nemendur okkar stóðu sig með þryði og er óhætt að segja að við eigum marga hæfileikaríka einstaklinga.

Opinn dagur; var á haustönn, þar var nemendum sem lokið hafa námi á starfsbraut er boðið að koma í skólann. Léttar veitingar voru á boðstólum, sem nemendur höfðu sjálfir séð um að baka og koma með að heiman. Gamla myndir voru sýndar úr starfinu þar sem fyrrum nemendur gátu séð myndir af sér og kennurum. Þátttaka var mjög góð, en ekki vannst tími til að vera með opinn dag á vorönn.

Þemadagar; nemendur á starfsbraut hafa verið mjög duglegir við að taka þátt í þemadögum skólans, þeir velja sér námskeið eins og aðrir nemendur skólans og eru þeir yfirleitt ánægðir með dagana. Á þemadögum gefst nemendum af starfsbraut tækifæri til að umgangast og kynnst öðrum nemendum skólans. Nemendur okkar skráðu sig í hin ýmsu lið í starfshlaupinu og tóku virkan þátt í stuðningi sinna liða.

Annað starf

Foreldrafundur var boðaður á haustönn fyrir alla foreldra nemenda á starfsbraut 1, í samhengi við fund foreldra nýnema í FS, einungis foreldrar nýnema mættu. Á þessum fundi var farið yfir hvernig starfinu væri háttað á starfsbraut, námsefni, mætingar, veikinda- og leyfistilkynningar o.fl.

Annar foreldrafundur var boðaður á vorönn og voru allir foreldrar boðaðir. Mætingin var góð, en eins og áður voru það foreldrar nýnema og annars árs nema sem voru fjölmennir. Á þessum fundi var rennt lauslega yfir kynningu á starfsbraut, hvernig starfinu væri háttað, mætingar, námsefni, almennir áfangar og svo framtíðarsýnin. Fjallað um Finnlandsferð og hún kynnt.

Nemendur tóku þátt í dimmisio á vorönn og síðustu kvöldmáltíðinni. Betri þátttaka var nú hjá útskriftarnemendum af starfsbraut en verið hefur og var sérstaklega unnið að því að beina þeim inn á að taka þátt.

Samantekt

Starfið skólaárið 2010–2011 fannst mér einkennast af mikilli vinnu, álagi og þreytu. Uppákomur með tilheyrandi vandamálum, en mál leystust farsællega. Starfið með nemendum hefur gengið nokkuð vel og verið mjög gaman að vinna með þeim. Starfið hefur einkennast af því að leita eftir því hvar styrkleikar þeirra og möguleikar í framtíðinni liggja. En þar einmitt stendur hnífurinn í kúnni. Þegar búið er að uppgötva styrkleika þeirra, rekst maður á vegginn innan skólans, þar sem nemendur af starfsbraut njóta ekki jafnréttis til náms á við hinn almenna nemanda í skólanum. Þeir eru afgangsstærð og síðastir inn í almenna áfanga og finnst mér það ákaflega lýjandi að biðja um að þessir nemendur séu teknir inn í almenna áfanga. Einnig hefur sú leið verið reynd að hafa sér verklega áfanga fyrir þá en það er aldrei hægt að skipuleggja markvisst hvað er í boði þar sem alltaf þarf að bíða og sjá þar til

næsta önn er byrjuð hvaða kennarar og stofur eru lausar. Ég spyr því: hvernig á að vera hægt að skipuleggja markvissa, verklega þjálfun nemenda fyrir atvinnulífið innan veggja skólans með þessum hætti?

Fleira starfsfólk vantar inn á starfsbraut 1 og ekki bara inn í einstaka áfanga. Það þarf að mynda þriggja - fjögurra kennara teymi, til að hægt sé að vinna markvisst að þjálfun nemenda. Sömuleiðis hefur mikill tími farið í að aðstoða nemendur við að takast á við sínar veiku hliðar og leiða þeim fyrir sjónir að það er ýmislegt hægt að gera með því að einbeita sér að verkefninu og æfa sig.

Brautin hefur verið í sífelldri þróun og miklar breytingar hafa átt sér stað undanfarin ár, en nú er kominn ákveðin festa varðandi námsefni í kjarnaáföngum og léttir það mjög starfið. Sótt var um styrk til Landsskrifstofu menntaáætlunar ESB, Leonardo, til að fara með nokkra nemendur til Finnlands í skólaheimsókn, í starfsnám og þjálfun, sem er fyrir nemendur með fatlanir. Þessi skóli hefur mjög öflugt starfsnám í boði og fannst okkur mjög spennandi að geta farið með nemendur þangað til að leyfa þeim að kynnast markvissri verklegri þjálfun eftir því sem áhugasvið þeirra liggur og jafnframt að kennarar sem fara með fá hugmyndir. Styrkinn hlutum við og farið var í ferðina 1. maí – 13. maí 2011. Sex nemendur fóru og fjórir kennarar. Sjá nánar hér neðar samantekt um Finnlandsferð.

Unnið hefur verið með hugmynd að stofnun Fjölsmiðju (Atvinnulífssmiðju) fyrir nemendur af starfsbraut og höfum við Lárus Þór Pálmason þegar farið á fund með Katli G. Jósefssyni, sem er forstöðumaður Vinnumálastofnunar Suðurnesja, til að leggja fyrir hann þessa hugmynd og leita eftir fjárstuðningi, en það gerðum við sl. vor. Þegar þetta er skrifað þá er fundur með bæjarstjóra Reykjanesbæjar, Árna Sigfússyni, boðaður 8. júní n.k. en þar er ætlunin að ræða betur þessar hugmyndir og hvernig sveitarfélögin á svæðinu geta komið inn í þessa framkvæmd.

Samantekt um Finnlandsferð

Það var 10 manna hópur sem fór héðan og voru það sex nemendur og fjórir kennarar, Ásta Katrín Helgadóttir, Anna Rögnvaldsdóttir, Brynja Brynleifsdóttir og Helgi Biering. Farið var út 1. maí og komið heim 13. maí. Skólinn sem heimsóttur var heitir Keskuspuisto og er staðsettur í Helsinki. Skóli þessi er verkmenntaskóli fyrir einstaklinga með sérþarfir. Í þessum skóla eru nemendur með væga námsörðugleika og yfir í einstaklinga með líkamlegar og andlegar fatlanir. Þessi skóli er einkaskóli og rekinn af samtökum sem heita ORTON. Skólinn var stofnaður 1940 og var hann hugsaður til að hjálpa því fólki sem hafði örkuðlast í vetrarstríðinu. Skólinn sem við vorum í dreifist í þrjár starfsstöðvar í Helsinki. Hérna eru nokkur dæmi um það sem er í boði af starfsnámi:

Margmiðlun
Viðhald húsnæðis
Húsvarsla inni og úti
Viðskipti og stjórnun fyrirtækja

Matreiðsla fyrir mötuneyti, kaffihús og veislur
Ræstitækni
Handverk og hönnun

Dans
Rafeindavirkjun
Heimilishjálp
Lyftarapróf og lagervinna
Málm- og vélsmíði
Allt sem snýr að tónlist og viðhaldi hljóðfæra

Ljósmyndun
Umönnun og endurhæfing
Málaraiðn
Viðhald bíla og reiðhjóla
Húsgagnabólstrun og húsgagnaviðgerðir
Ýmis tæknihönnun

Þessi skóli er líka rannsóknar-, þróunar- og þjónustumiðstöð fyrir fólk með sérþarfir. Námsörðugleikar og fatlanir eru ekki hindranir til að sækja starfstengt nám. Hver nemandi fær í hendur einstaklingsnámsskrá og sveigjanlega námsskrá eða stundatöflu. Markmið þeirra er að sérsníða fyrir hvern og einn nemanda starfsnám þannig að nemandinn muni öðlast löngun til áframhaldandi náms eða símenntunar, og færnina til að taka fullann þátt í samfélaginu. Farið er eftir aðalnámsskrá menntamálaráðuneytisins fyrir hinn almenna nemanda en aðalnámsskráin er aðlöguð í samræmi við getu og hæfni einstaklingsins. Nám til starfsréttinda tekur þrjú ár. Þess má geta að það eru líka deildir innan skólans er snúa að innflytjendum og fullorðinsfræðslu. Við kynntum okkur þær ekki að þessu sinni.

Námið sjálfst skiptist í:

Sóttkví eða fornám sem er ekki einingarbært, þar er verið undirbúa þau fyrir frekara nám eða starfsnám.

Undirbúningur 1

Þar eru 20 til 120 einingar. Þar er verið að henda þeim inn í raunveruleikann. Þarna er verið að horfa á hvað hentar hverjum og einum. Þetta er í raun raunfærnimat. Tilgangur þessarar þjálfunar er að styðja við þá þekkingu og þá færni sem er krafan til að ljúka starfsréttindanámi. Hérna er verið að leggja inn þessa spurningu: hvað vilt þú?

Undirbúningur 2

Hérna er verið að þjálfra þekkingu og færnina áður en þau fara á vinnustað og á vinnumarkaðinn yfir höfuð, jafnframt hæfnina til að takast á við daglegt líf. Í skólanum eru settar upp raunverulegar aðstæður þar sem nemendurnir takast á við daglegar athafnir eins og úti í hinu raunverulega lífi.

Starfsréttindanámi

Þetta er þriggja ára nám 120 einingar og það eru 20 einingar í kjarnagreinum. Starfsnámið er 90 einingar og valgreinar 10 einingar. 20 einingar af þessum einingum eru teknar úti á vinnustað, það er algjört lágmark.

Stoðþjónusta og heimavist

Það starfar þverfaglegt teymi sálfræðinga, iðjuþjálfara, sjúkráþjálfara, félagsráðgjafa, sérkennara, hjúkrunarfræðinga, músíkþerapista, listmeðferðarfræðinga og kynfræðinga. Þessir fræðingar eru nemendum til stuðning.

Nemendum gefst gullið tækifæri til þjálfunar í sjálfstæðri búsetu á heimavistinni sem staðsett er við skólann. Heimavistin er nemendum að kostnaðarlausu.

Í lokinn

Markmið nemandu eru mismunandi allt eftir getu. Sumir nemendur útskrifast kannski eftir veru sína á undirbúningi 1 og hafa þá jafnvel aðeins verið í skólanum í eitt ár. Það er meira verið að horfa á hvar þau muni njóta sín, hvað hentar þeim og það eru ekki allir sem geta klárað starfsnám. Þannig að það er verið að vinna með einstaklinginn og hans þarfir hafðar að leiðarljósi. Ekki er verið að horfa á það að nemandinn eigi einhver ákveðin mörg ár í skólanum, heldur hvað hentar honum best. Hentar það honum að útskrifast eftir 1 ár eða eftir 3 ár? Allt námsefni og skólavist er frí, að undaskilinni fullorðinsfræðslunni en þeir greiða mjög lág skólagjöld. Þeir sem eru í fullu námi fá fría máltíð daglega.

Okkar upplifun af þessari ferð

Eins og nemendur okkar sögðu: „svona skólafyrirkomulag þarf að vera til hér á Íslandi“. En þar sem að miklar hindranir eru í kerfinu þá virðist það við fyrstu sýn vera ómögulegt í framkvæmd. Hitt er annað mál ef að viljinn og bjartsýnin er til staðar þá er allt hægt. Með framkvæmd nýrrar námsskrár þá væri hægt að gera eitthvað í þessu og breyta. En það að setja þetta inn í framhaldsskóla er í raun sýndarmennska. Margt þarf að breytast í framhaldsskólum til að þetta geti orðið að veruleika. Það á ekki að þurfa að vera þannig að það þurfi að draga kennara til hliðar til ræða hvort möguleiki sé á samstarfi. Það vantar í ráðuneytið einhvern sterkan aðila sem er með bakgrunn og hugmyndafræðina á hreinu. Einnig að það sé séð til þess að þessir einstaklingar fái að vera í forgangi þegar kemur að verklegum áföngum. Einnig að það sé gert ráð fyrir plássi fyrir þessa einstaklinga.

Okkar upplifun á því sem krakkarnir voru að gera

Það var vel skipulagt, fúlaust og rólyndislegt yfirbragð. Það virtust allir starfsmenn meðvitaðir hvert verið væri að stefna. Það var augljós trú og traust á nemendum að þeir gætu það sem þeir voru að gera. Þeim er treyst fyrir rosalega stórum hlutum, eins og að koma að mötuneyti skólans, gera við bíla starfsfólksins og bíla skólans. Einnig var merkilegt að sjá hvernig eldri nemendur voru fengnir til aðstoða og kenna nýnemum. Þetta er jafningjafræðsla og þarna fer í raun fram þessi endurtekning sem er nauðsynleg fyrir þessa einstaklinga, en hún fer þannig fram að nemendurnir eru að vinna með það sjálfir í stað þess að kennari sé að endurtaka sig. Starfið í skólanum er byggt á áralöngum og gömlum grunni, en það eru nú líka okkar framhaldsskólar. Spurningin er kannski sú hvort það sé vilji til staðar

til að þessir nemendur hafi sömu möguleika og standi jafnfætis öðrum nemendum framhaldsskólanna eða þarf að bjóða upp á önnur úrræði utan framhaldsskólanna svo nemendur fái að njóta sín á sínum forsendum. Þarf kannski að stofna einkaskóla?

Framtíðarsýn

Mitt markmið er og verður óbreytt, að vinna að því að nemendur útskrifaðir af starfsbraut, fái einhverskonar réttindi í iðngreinum. Verkefnin tvö, að sækja um Leonardo styrk til nemendaskipta og að koma á fót smiðju, eru liðir í þessu. Hugmyndin er að velja úr fyrirtæki sem hafa verið með nemendur frá okkur í starfsnámi og fá þau til að setja upp nokkurskonar gátlista í sinni iðn og þjálfa nemendur okkar m.t.t. þessa lista. Þetta eru þá fyrirtæki sem þekkja orðið vel til okkar nemenda og geta því sett fram raunhæfar kröfur til þeirra getu. Fagfélögin fjalli um þessa gátlista og viðurkenni þá jafnframt að sá aðili sem hefur staðist þessar kröfur/próf sem settar eru fram, fái titilinn aðstoðarmaður. Nemendur geti síðan fengið áframhaldandi þjálfun í smiðjunni og eftirfylgni ef þeir hafa ekki fengið starf hjá fyrirtæki.

Ásta Katrín Helgadóttir, fagstjóri á starfsbraut 1, tók saman.

7.6. Starfsbraut 2

Tilgangurinn með vorskýrslu er að veita upplýsingar um áherslur í skólastarfinu á liðnu skólaári. Líta ber á skýrslu þessa sem þátt í innra mati starfsbrautarinnar og út frá því er hægt að leggja faglegan grundvöll að endurbótum til þess að auka gæði skólastarfsins. Mikilvægt er að endurmeta í lok skólaárs ýmsa þætti kennslunnar og velta fyrir sér árangri, kostum og göllum í þeim tilgangi að hægt sé að gera áætlanir um úrbætur. Mikilvægt er að skoða hvort sé verið að mæta þörfum allra nemenda og skoða hvort nemendur fái við viðfangsefni við sitt hæfi. Í framhaldsskóla er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga fjölbreytt samfélag.

Nemendur

Á haustönn 2010 stunduðu 11 nemendur nám á starfsbraut 2, á aldrinum 16-19 ára. Kynjaskiptingin var þannig að það voru 4 stúlkur og 7 drengir/karlmenn með mismunandi fatlanir.

Kennarar sem kenndu á Starfsbraut 2 voru:

- Þórunn Svava Róbertsdóttir = Lífsleikni, Starfsnám á vinnustað, Íslensku, Stærðfræði, ökunám, skipulögð vinnubrögð og heimilisfræði.
- Viggó Benidiktsson = VKN (smiðar)
- Atli Þorsteinsson = Tónlist
- Ásta Katrín Helgadóttir og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir = Íþróttir

Tveir þroskaþjálfar störfuðu á starfsbraut 2, þ.e. Brynja Brynleifsdóttir og Magnús Áskelsson sem byrjuðu bæði í ágúst. Þrír stuðningsfulltrúar, þ.e. Ásta Svanhít Sindradóttir, Erna

Magnúsdóttir og Gerður Rún Ólafsdóttir störfuðu við brautina á haustönn. Engin breyting var á nemenda- og kennarafjölda á vorönn.

Hér fyrir neðan má sjá hefðbundna stundatöflu hjá nemenda á starfsbraut 2. (haustönn)

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05-9:00	Stærðfræði	Íslenska	Íslenska	Íslenska	Íslenska
9:05- 10:00	Lífsleikni	Stærðfræði	Stærðfræði	Stærðfræði	STV
10:10-11:05	Heimilisfræði	STV	VKN (LKN)	Lífsleikni	STV
11:10-11:50	Heimilisfræði	STV	VKN (SKV)	SKV	(Umsjón)
11:50-12:20	Matur	Matur	Matur	Matur	
12:20-13:15	Íþróttir	Lífsleikni	Listir	Íþróttir	
13:20-14:20			Listir	Ökunám	
14:25-15:20					

Hér fyrir neðan má sjá hefðbundna stundatöflu hjá nemenda á starfsbraut 2. (vorönn)

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05-9:00	Lífsleikni	Íslenska	Íslenska	Íslenska	Íslenska
9:05- 10:00	Heimilisfræði	STV	Lífsleikni	Ökunám	STV
10:10-11:05	Heimilisfræði	STV	Stærðfræði	STV	STV
11:10-11:50	SKV	Smíði	Stærðfræði	STV	UMU
11:50-12:20	Matur	Matur	Matur	Matur	
12:20-13:15	Lífsleikni	Táknmál	Listir/enska	Tónlist	
13:20-14:20	Íþróttir	Spáð í leiki vikunnar	Íþróttir	Stuttmynd	
14:25-15:20					

Umhverfi

Á borði nemenda var mynd af þeim og undir henni voru almennar upplýsingar um nemandann, s.s. fullt nafn, heimilisfang, kennitala, símanúmer og póstnúmer. Markmiðið var að nemendur gætu skrifað þessar upplýsingar um sig. Á töflunni voru orðmyndir af

kennslustundum dagsins settar upp í byrjun dags og síðan sáu nemendur og/eða kennarar um að taka niður hverja athöfn sem lokið var hverju sinni. Tilgangurinn með þessu var að hafa sjónrænt skipulag sýnilegt og gera nemendur meðvitaða um rétta athafnaröð og auðvelda þeim að átta sig á skóladeginum.

Þrjár stofur voru notaðar fyrir nemendur á starfsbraut 2, þ.e. 221 (heimastofa þeirra), 214 (kennslueldhús) og hliðarherbergi sem er innan af stofu 221.

Kennsluhættir

Lögð var áhersla á að vinna einstaklingsmiðað og ná hámarksárangri hjá nemendum jafnt sem kennurum. Nemendum var skipt í hópa í hverjum áfanga og kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sáu um viðkomandi hóp og aðlögun á námsefni eftir því sem þurfti hverju sinni.

Nemendur voru með námsefni sem tók mið af þeirra sérþörfum. Stundum var námsefnið það sama fyrir alla en nálgunin var misjöfn eftir hverjum nemenda fyrir sig. Kennsluaðferðir sem notaðar hafa verið á Starfsbraut 2 voru m.a. umræður og þá ræða nemendur gjarnan um afmarkað efni, skilgreina hugtök og koma með eigin reynslu og upplifun á efninu. Einnig unnum við oft hugmyndavef sem tekin er úr hugmyndafræði könnunaraðferðarinnar. Við notuðum hugmyndavefinn oft þegar við vorum að undirbúa gestaheimsóknir og skrifuðum þá gjarnan nafnið á gestinum upp á töflu og skráum niður spurningar og vangaveltur sem nemendur komu með.

Nemendahópnum var oftast skipt í tvo til tvo hópa. Tilgangurinn með því var að skapa rólegra vinnurými, vinna einstaklingsmiðaðra og skipta ábyrgðinni á kennara. Þetta kom mjög vel út. Nemendalega séð voru ákveðnir nemendur sem nutu sín betur í litlum nemendahópi og fyrir kennara var markvissara að aðlaga námsefni fyrir minni hóp og þá var einnig auðveldara að breyta og aðlaga eftir því sem hentaði hverjum og einum. Skiptingin var misjöfn eftir námsgreinum.

Snertitaflan er mikið notuð í námi og kennslu. Félagshæfnisögur hafa verið notaðar fyrir alla nemendur, við höfum undirbúið nemendur undir breytingar með því að setja upplýsingarnar upp í form félagshæfnisagna. Það hefur komið mjög vel út og höfum við verið að þróa okkur áfram með útlit og form félagshæfnisagnanna, m.t.t. hvernig best sé að hafa þetta fyrir framhaldsskólanemendur. Þetta eru stuttar sögur sem lýsa aðstæðum, bæði með texta og myndum. Félagshæfnisögur eru einskonar uppskriftir af því hvernig maður á að haga sér í ákveðnum aðstæðum, einnig skýrir þetta oft í hvað athafnaröð ákveðnir hlutir gerast, þ.e. fyrst... og síðan.... Undirrituð fékk styrk frá þróunarsjóði námsgagna um að gera námsefni fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskóla og fyrir nemendur á starfsbrautum í formi félagshæfnisagna. Útbúin var að minnsta kosti ein félagshæfnisaga í viku og voru nemendur fengnir til að prufukeyra sögurnar, vinna með þær og koma með tillögur og athugasemdir um það sem betur mætti fara. Áætlað er að ljúka við frágang og skil í lok júní 2011.

Lögð er áhersla á að taka myndir af nemendum í námi og starfi. Myndirnar eru síðan notaðar til upprifjunar, umræðu, verkefnagerðar og/eða til þess að hafa þær sýnilegar uppi á veggjum í skólastofunni. Einnig sem nemendur nýta sér myndirnar til að setja á bloggsíður sínar.

Við notuðum forritið „kidspiration“ þegar við unnum hugmyndavefi. Þetta forrit hefur nýst okkur mjög vel og eru nemendur áhugasamir og viljugir til að nýta sér það í námi og starfi. Lögð var áhersla á að tengja námið við daglegt líf og undirbúa nemendur sem best fyrirþátttöku á vinnumarkaði og í lífinu almennt. Það var rauður þráður í allri kennslu og haft að leiðarljósi í öllum námsgreinum, s.s. stærðfræði, STV, Íslensku og fleiri fögum.

Almennir áfangar

Í haust stundaði einn nemandi nám í almennum áfanga í íþróttum. Á vorönn stunduðu tveir nemendur nám í almennum áfanga í íþróttum og tveir nemendur stunduðu nám í dansi. Einn þeirra stundaði einnig nám í bóklegum áfanga í íþróttum og stóðust allir nemendur þær kröfur sem gerðar eru í þessum áföngum.

Einstaklingsnámskrár

Einstaklingsnámskrár voru unnar fyrir alla nemendur. Þær voru kynntar fyrir foreldrum nemenda sem voru yngri en 18 ára (nemendur voru ávallt velkomnir með) en þeir nemendur sem voru orðnir 18 ára og eldri hittu umsjónakennara sinn og fóru yfir námskrána með kennara. Þetta kom mjög vel út, þar sem nemendur fengu tækifæri til að koma með eigin óskir og hugmyndir um innihald námskrárinnar. Þeir voru hvattir til að spyrja og koma skoðunum sínum á framfæri. Ef nemendur voru sáttir við markmiðin og leiðirnar í námskránni staðfestu þeir það með undirskrift sinni í námskránni, einnig sem þeir þurftu að samþykka það að námskráin mætti vera aðgengileg öllum starfsmönnum Starfsbrautarinnar, foreldrum þeirra eða þeim sem koma að málum þeirra. Þetta kom mjög vel út og skapaðist oft gott tækifæri til að útskýra og ræða um hugtök í námskránni. Umsjónakennari sá um einstaklingsnámskrágerð fyrir sína umsjónanemendur, ásamt því að kynna hana fyrir nemendum og/eða foreldrum. SKV (skipulögð vinnubrögð) tímarnir voru oftast nýttir til að fara yfir námskrárnar með nemendum.

Opin dagur

Opinn dagur var haldin miðvikudaginn 10. nóvember. Mætingin var góð og gaman er að sjá hversu nemendur eru áhugasamir um þennan dag. Þeir eru duglegir að minna kennara á að skipuleggja daginn með þeim. Undirbúningur fór m.a. fram í lífsleiknitíma, þ.e. nemendur skoðuðu gamlar myndir af starfsbrautarnemendum, rifjuðu upp nöfn og nemendur tóku að sér að láta þá fyrrverandi nemendur sem þeir þekkja vita af opna deginum. Farið var með auglýsingar í Bónus, Nettó, á Nes æfingar og sumir auglýstu á Facebook síðum sínum.

Liðveisla

Á haustönn var einn nemandi með liðveislu í hádeginu á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Markmiðið með liðveislu er „nemandi fyrir nemanda“ þ.e. að fá nemendur í skólanum til að aðstoða nemendur á starfsbraut. Einnig að styrkja félagslega stöðu nemenda á starfsbraut með því að fá tækifæri til að falla í hópinn með öðrum nemendum skólans.

Litlu jólin / unglunga jól

14. desember héldum við unglunga jól. Lögð var áhersla á að spjalla saman, hlusta á jólalög og eiga góða stund saman á aðventunni. Einnig var ákveðið að halda í hefðina og skiptast á litlum jólagjöfum, en hámarkskostnaður við þær eru 500 kr. Að mínu mati var þetta mjög vel heppnuð og skemmtileg stund.

Þemadagar

Þemadagarnir voru haldnir í 24. og 25. febrúar. Allir nemendur á starfsbraut 2 tóku þátt í námskeiðum víðsvegar um skólann. Við gáfum okkur góðan tíma til að fara yfir námskeiðin sem voru í boði og aðstoðuðum nemendur við að velja sér námskeið sem þeir höfðu áhuga á. Síðan var það okkar hlutverk að skipuleggja eftirfylgd með nemendum út í námskeiðin. Útbúin var dagskrá fyrir nemendur og kennara, þ.e. með upplýsingum um hvaða námskeið hver og einn valdi, í hvaða stofu námskeiðið væri og klukkan hvað það væri. Dagskráin var síðan sett upp í formi „vísakorts“, þ.e. lítið spjald sem var plastað inn og nemendur gætu haft í veskinu hjá sér. Tilgangurinn með þessu var að veita stuðning en hafa hann samt sem minnst áberandi (miðað við nemendur í framhaldsskóla). Kennarar og aðstoðarkennarar skiptu sér á nemendur og náðist að fylgja þeim nemendum eftir sem þurftu þess. Sumir kennarar gengu á milli stofa og kíktu á nemendur sem veittu mörgum þeirra öryggi og aðhald.

Sumir óhefðbundnir dagar eins og Þemadagarnir, reynast starfsbrautarnemendum oft erfiðir þar sem brugðið er út af hefðbundinni stundaskrá. Ávallt er reynt að koma til móts við nemendur varðandi þetta og reynt að fyrirbyggja vandamál sem hugsanlega geta komið upp. Sveigjanleiki og viðhorf starfsfólks hefur mikið með þetta að segja og teljum við okkur hafa náð að vinna einstaklingsmiðað og aðlaga að hverjum og einum sem er jú okkar hlutverk sem kennarar og aðstoðarkennarar.

Starfsnám

Nemendum var skipt í tvo hópa, þ.e. nemendur sem voru á fyrsta og öðru ári voru saman og nemendur á þriðja og fjórða ári voru saman í hópi. Nemendur voru þó stundum saman í þessum tímum og fóru saman sem hópur í vettvangsferðir. Dæmi um vettvangsferðir sem farið var á þessu skólaári var, heimsókn í Nettó, heimsókn í prentsmiðju, heimsókn á veitingarstaðinn Langbest og heimsókn í leikskóla. Nemendur á þriðja og fjórða ári fóru út á vettvang og störfuðu í 4-6 vikur í senn. Vettvangsstaði sem nemendur sóttu á skólaárinu voru

Íþróttahúsið í Grindavík, Bónus, Hópsskóli í Grindavík, Bæjarskrifstofan í Vogum, Körfuboltaþjálfun hjá 8. fl. í Keflavík, Nettó, Lögreglustöðin, Tölvulistinn, Vísir Hf. í Grindavík, KFC, Víkurfréttir, listasýningin Ferskir vindar í Garðinum, Fiskval, Vinnustofa Sossu og matreiðslunámskeið hjá MSS.

Einn útskriftarnemenda mun halda áfram að vinna í Bónus eftir útskrift, en hann hefur verið í launuðu starfi þar í eitt ár. Annar fær vinnu á bæjarskrifstofunni í Grindavík á miðvikudögum frá kl. 10:00-12:00. Sá þriðji hefur ekki enn fengið vinnu.

Stuttmyndakeppni

Boðið var upp á stuttmyndaáfangu og kom það mjög vel út. Markmiðið með áfanganum var m.a. að gera stuttmynd fyrir stuttmyndakeppni starfsbrauta sem haldin var í Borgarholtsskóla fimmtudaginn 14. apríl. Stuttmyndin Nörd og Nördarar varð fulltrúi FS í stuttmyndakeppninni. Góð mæting var á þessa keppni en allir nemendur af starfsbraut 2 skráðu sig en einn hætti við á síðustu stundu. Kvöldið var ákaflega skemmtilegt og er það okkar markmið að virkja sem flesta til að koma með. Því kjörið tækifæri er til að vinna með félagslegar áherslur í ferðum sem þessum og kynnast nýjum hliðum á nemendum og kennurum. Nemendur okkar voru til fyrirmyndar, ásamt stuttmyndinni sem við sendum, hún lenti þó ekki í verðlaunasæti en allir virtust sáttir og glaðir með kvöldið.

Fundir

Margir fundir voru haldnir á skólaárinu. Á hverjum fimmtudegi var fagfundur með öllu starfsfólki starfsbrautar 2 frá kl 14:20-15:30. Á þessum fundum var farið yfir málefni nemenda, áherslur í starfi og miðlað upplýsingum. Nokkrir teymisfundir voru haldnir en þá sækja umsjónarkennarar, fagstjóri og sá aðstoðarkennari sem er mest með viðkomandi nemanda.

Foreldrafundir með nemendum sem eru yngri en 18 ára voru haldnir eftir þörfum, þ.e. í samráði við foreldra og fóru þeir fram í Fjölbrautaskólanum eða úti í bæ.

Greiningar- og ráðgjafastöð Ríkisins boðaði til nokkra funda þar sem kynntar voru nýjar niðurstöður hjá þeim nemendum sem höfðu sótt þjónustu hjá þeim. Haldnir voru nokkrir fundir með foreldrum nemenda sem eru væntanlegir í FS á næsta skólaári.

1. október var haldin kennslustjórafundur í Tækniskólanum. Undirrituð fór þangað fyrir hönd FS. Föstudaginn 13. maí fór undirrituð og Ásta Birna Ólafsdóttir á fund með kennslustjórum starfsbrauta á Sauðárkróki. Áherslan var á námskrágerð og umræður um fagfélag of fleira. Fundirnir voru áhugaverðir og nauðsynlegir í þeim tilgangi að fylgjast með því sem er að gerast í þessum málaflokki og hitta aðra kennslustjóra.

Finnlandsferð

Bjarni Valur Agnarsson, nemandi á fjórða ári og Brynja Brynleifsdóttir, þroskaþjálfari fóru til Finnlands 1. – 13. maí. Markmiðið var að kynna sér verklegt nám sem er í boði fyrir nemendur með sérþarfir á framhaldsskólastigi í Finnlandi. Ásamt því að fá tækifæri til að kynnast nýrri hugmyndafræði og styrja verklegt nám nemenda í FS. Ferðin var styrkt af Leonardo starfsmenntun.

Próf

Allir nemendur tóku lokapróf sem voru sniðin að hverjum og einum. Prófin voru aðlöguð að hverjum og einum, nemendur byrjuðu alltaf í prófum kl. 08:15 og fylgdu skipulagi skólans, þ.e. þegar aðrir nemendur voru í íslenskuprófi tóku nemendur á starfsbraut einnig íslenskupróf og svo framvegis. Einn nemandi fékk námsmat fyrir allar þær námsgreinar sem hann var í og er það liður í því að koma til móts við þarfir hvers og eins (hann tók einnig próf, sem voru reyndar ekki á prófatíma þar sem kennari hans var í námsferð í Finnlandi).

Allir nemendur á starfsbraut fara í próf því þeir hafa sótt tíma í ákveðinni námsgrein heila önn og þar af leiðandi hefur kennari kennt og útbúið námsefni í eina námsönn sem gefur honum tækifæri til að prófa úr því sem unnið var með í tímum. Námsmat er eitthvað sem við erum sífellt að endurmeta. Að mínu mati á námsmatið að hafa mestu þýðinguna fyrir kennarar, þ.e. gefa vísbendingar um svör við spurningar eins og „kunna nemendur námsefnið sem verið var að leggja inn?“ voru kennsluaðferðirnar að virka?“ „var verið að mæta nemandanum þar sem hann var staddur?“ „var nemandinn að bæta sig“ og „voru gerðar viðeigandi kröfur til nemandans?“.

Próflausir áfangar

Próflausir áfangar voru: Stuttmynd, heilbrigðisfræði, listir, skipulögð vinnubrögð, heimilisfræði, smíðar, tónlist, lífsleikni og íþróttir. Í öllum áföngum voru unnar samantektir í þeim tilgangi að hafa yfirsýn yfir það hvernig gekk og hvaða áherslur var unnið með hverju sinni. Hér áður fyrir voru samantektir einungis gerðar fyrir próflausa áfanga en í ár var ákveðið að gera þetta í öllum námsgreinum til að fá yfirsýn og upplýsingar um áherslur hverju sinni. Kennarar taka saman áherslur í áfanganum, hvað var unnið með og síðan gera þeir einnig einstaklingsumsagnir og taka fram virkni, áhuga, færni og fl. hjá hverjum og einum. Hægt er að nálgast þessar samantektir í möppu á skrifborði fagstjóra. Samantektir þessar eru mikilvægar fyrir framtíðina, þ.e. hægt er að skoða námsferil nemenda og þær áherslur sem unnið hefur verið með hverju sinni.

Útskrift

Þrír nemendur útskrifast 21. maí 2011. Það eru þau Bjarni Valur Agnarsson, Leó Aðalsteinn Grönvold Einarsson og Þóra Kristín Hermannsdóttir. Bjarni Valur Agnarsson fær viðurkenningu góðan árangur í námi á starfsbraut 2. Sú nýbreytni var gerð fyrir

útskriftarnemendur að undirrituð tók saman helstu áherslur í þeirra fjögur ára námi og fór yfir þær með nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Þetta kom vel út og þá sérstaklega fyrir nemendur að fá skjal með upplýsingum um styrkleika þeirra í náminu sem þeir geta m.a. nýtt sér þegar þeir sækja um vinnu í framtíðinni. Þetta á eftir að koma til með að verða gert áfram.

Nám og námskeið

- Þórunn Svava Róbertsdóttir hélt áfram meistaranám sínu í stjórnunarfræðum menntastofnana og útskrifast með diplómu gráðu í júní 2011.
- Þórunn Svava Róbertsdóttir fór á ráðstefnu um mál og tal 17. september 2010.
- Þórunn Svava Róbertsdóttir og Brynja Brynleifsdóttir sóttu námskeið í násgagnagerð fyrir nemendur með blindu og/eða sjónskerðingu.
- Brynja Brynleifsdóttir sótti námskeið í punktalettri.
- Allt starfsfólk starfsbrautar 2 fór á ráðstefnu um kvíðaraskanir fimmtudaginn 24. mars og var námskeið þetta mjög áhugavert. Kennsla féll niður í tvær kennslustundir hjá nemendum. Starfsfólk var sammála um mikilvægi þess að allir starfsmenn fái tækifæri til að fara á slíkar ráðstefnur í þeim tilgangi að fylgjast með nýjungum og efla fagleg vinnubrögð.
- 25. nóvember fór allt starfsfólk starfsbrautar 2 á stutt námskeið um einhverfu sem greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins hélt í Njarðvíkurskóla. Holtaskóli
- Brynja Brynleifsdóttir og Katrín Rósa Friðriksdóttir, þroskaþjálfanemi í heimsókn í sérdeildina í Holtaskóla í Reykjanesbæ. Skólinn tekur við nemendum af öllum Suðurnesjum sem eru á einhverfurófinu. Til að byrja með var einhverfudeildin skoðuð en þar eru nemendur sem eru einhversstaðar á einhverfurófinu auk nokkurra nemenda með aðrar fatlanir, þessir nemendur koma víðsvegar af Suðurnesjum.
- Undirrituð, Ásta Svanhvít, Gerður Rún og Magnús fóru í heimsókn í Holtaskóla og fylgdust með nemanda sem er væntanlegur í FS í haust. Kennarar fóru á mismunandi tímum og fylgdust með mismunandi námsgreinum.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð

- Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, ráðgjafi frá þjónustu og þekkingarmiðstöð kom tvisvar sinnum í vetur og fylgst með í kennslustundum, veitt ráðgjöf og aðstoðað við verkefnagerð.
- Guðný Katrín Einarsdóttir, umferlisráðgjafi frá þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hefur komið í FS nokkrum sinnum inn með ráðgjöf.
- Júlía Guðný Hreinsdóttir, frá heyrnar og talmeinafstöðinni kom tvisvar sinnum í vetur og veitti ráðgjöf með tákni. Það hefur reyndar dregið úr samstarfi við þessa

fagaðila því kennarar hafa öðlast meiri þekkingar og reynslu í því að vinna með daufblindum einstaklingum.

Háskólanemendur og aðrir gestir

- Katrín Rósa Friðriksdóttir, 2. árs nemandi í þroskaþjálfrafræðum við Háskóla Íslands var í vettvangsnámi hjá okkur á vorönn 2011. Vettvangsnám þetta var mjög vel skipulagt. Undirrituð fundaði með Katrínu á hverjum mánudegi og afhentu henni stundaskrá fyrir vikuna, fór yfir leiðarabók sem hún vann og aðstoðaði hana við einstaklingsnámskrágerð.
- Guðrún Þ. Björnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Menntaskólanum í Reykjavík og mastersnemandi í HÍ kom í apríl 2011. Markmið hennar var að kynna sér nám og störf á starfsbrautinni í FS, þar sem hún var að vinna þróunarverkefni um innleiðingu starfsbrautar í menntaskólanum í Reykjavík. Undirrituð hitti Guðrúnu og kynnti brautina fyrir henni, hugmyndafræðina og sýndi henni námsefni.
- Í mars kom þroskaþjálfanemi, ásamt þroskaþjálfra úr Holtaskóla í heimsókn og kynnti sér markmið, áherslur og hugmyndafræði á starfsbraut 2.
- 23. september kom Katrín Rósa Friðriksdóttir og vann stutt verkefni um þroskaþjálfra, þ.e. hvernig stuðningsfulltrúar upplifa að vinna með þroskaþjálfum. Hún ræddi við tvo stuðningsfulltrúa.
- 29. september komu Bryndís Hauksdóttir og Elín Björg Birgisdóttir og fylgdust með í einn skóladag og unnu verkefni í námskeiði þeirra í sérkennslufræðum við HÍ.
- Á vorönn komu þrír nemar í iðjuþjálfun og unnu verkefni með þremur nemendum á starfsbraut 2 á vorönn 2011.
- Nanna Bára, nemi í kennslufræðum frá HÍ kom í áheyrn og æfingarkennslu á vorönn.
- Sálfræðinemi kom í áheyrn á vorönn.
- Í apríl komu kennarar frá Tékklandi, Póllandi, Þýskalandi, Glasgow, Frakklandi og Íslandi í heimsókn. Alls voru þetta 14 kennarar sem fengu sér sæti í kennslustofunni. Nemendur og kennarar undirbjuggu sig með því að búa til kynningu og myndband þar sem skólustarfinu á starfsbraut 2 var lýst í máli og myndum. Heimsóknin gekk mjög vel og var þetta mjög áhugavert fyrir alla.
- Á haustönn komu fimm kennarar frá Finnlandi í heimsókn og kynntu sér starfið á starfsbraut. Kennarar sátu í tímum og tóku þátt í kennslu. Heimsókn þessi var mjög áhugaverð og margar góðar hugmyndir komu upp á yfirborðið.
- Nemendur í 10 bekk úr Holtaskóla komu í heimsókn, þessir nemendur eru væntanlegir í FS í haust.
- Einn nemandi úr Holtaskóla kom við á hverjum þriðjudegi í þeim tilgangi að kynna sér starfshætti og rata um skólann. Þetta var liður í aðlögun fyrir skólagöngu í haust.
- Einn nemandi úr Gerðaskóla kom einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót í þeim tilgangi að kynna sér nám og störf á starfsbraut, þessi nemandi er væntanlegur í FS í haust.

- Einn nemandi úr Njarðvíkurskóla kom fjóra miðvikudaga í röð í þeim tilgangi að kynna sér nám og störf á starfsbraut, þessi nemandi er væntanlegur í FS í haust.

Að lokum

Veturinn hefur verið áhugaverður, skemmtilegur og krefjandi. Ásta Birna Ólafsdóttir, sérkennari var í fæðingarorlofi á skólaárinu og tveir nýir þroskaþjálfar hófu störf sl. haust. Því má segja að ákveðinn tími hafi farið í aðlögun bæði fyrir nýja kennara og nemendur til að byrja með. Að mínu mati hafa nemendur tekið út mikinn þroska og færni á mörgum sviðum. Ég hef oft litið á mig sem nemanda, því nemendur á starfsbraut 2 hafa ekki síður kennt mér nýja sýn, ný viðhorf og að hugsa í lausnum en ekki í vandamálum eða hindrunum. Á starfsbraut 2 hefur verið unnið metnaðarfullt starf, lögð hefur verið áhersla á einstaklingsmiðað nám og að skapa aðlaðandi umhverfið fyrir nemendur og kennarar. Ég á eftir að sakna nýútskrifaðra nemenda, en óska þeim velgengni og vellíðan í framtíðinni og er fullviss um það að þau verði fær um að taka þátt í atvinnulífinu og verði samfélaginu sem við búum í til sóma.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, fagstjóri á starfsbraut 2, tók saman.

8. Skýrsla bókasafns

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Allur kostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið MetraBók og er hægt að leita í kerfinu í gegnum vef skólans. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Maríanna Einarsdóttir bókavörður.

Skólaárið 2010-2011

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30, föstudaga kl. 8:00-15:00 og á þriðjudögum kl. 19:00-21:00. Alls var safnið því opið 43 tíma í viku. Aðsókn af safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánur hefur fækkað heldur undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru fleiri. Það er m.a. vegna þess að í nokkrum stórum verkefnum eru safngögn ekki lánuð út en nemendur nota þau í staðinn á safninu og í kennslustofum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í rúm 20 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2010-2011	Safnkostur	Aðföng 2009-2010	
Bækur	231	16.869	Keypt	246
Myndefni	46	1.020	Aðsent	10
Hljóðefni	0	239	Gjafir	25
Hljóðbækur	0	86		
Margmiðlunardiskar	0	72	Kennslubækur	23
Annað	4	12		
Afskrifað: 133				
Samtals	281	18.298		

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	7	500 Raunvísindi	16
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	12	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	20
200 Trúarbrögð	1	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	25
300 Samfélagsfræðigreinar	34	800 Bókmenntir	132
400 Tungumál	6	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	28

Tímaritaáskriftir: 36

Auk þess berast safninu nokkur ókeypis tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

Útlán

000 Almennt efni	12
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	29
200 Trúarbrögð	29
300 Samfélagsfræðigreinar	123
400 Tungumál	13
500 Raunvísindi	69
600 Tækni, vísindi, framleiðsla	68
700 Listir, skemmtanir, íþróttir	143
800 Bókmenntir	787
900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	193
Samtals	1.466

Millisafnalán: 17

Lán innan safns/skóla: 1.347

9. Skýrsla námsráðgjafa

Skólaárið 2010-2011 voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann. Sunna kom aftur inn eftir fæðingarorlof í ágúst 2010 í 100% stöðu, í febrúar fór hún í 80% stöðu. Sesselja Bogadóttir

kom aftur inn eftir fæðingarorlof um miðjan janúar í 76% stöðu. Á haustönn var Elín í 25% stöðu sem námsráðgjafi, á móti var hún í 50% stöðu sem áfangastjóri og 25% sem kennslustjóri. Á vorönn var Elín í 75% stöðu áfangastjóra og 25% stöðu sem námsráðgjafi.

Verkaskipting námsráðgjafa

- Sunna sá að mestu um kynningar í grunnskólum á svæðinu. Hún sá einnig um prófkvíðanámskeið á haustönn og námstækninámskeið á vorönn. Sunna fór með fyrirlestur um ferilmöppugerð í umsjónartíma hjá útskriftarnemendum á haustönn. Hún hefur haft umsjón með nemendum sem eru með ofvirkni og/eða athyglisbrest og boðið þeim upp á sérstaka aðstoð t.d. við að halda utan um námið. Þá var hún einnig umsjónarkennari nemenda eldri en 18 ára.
- Sesselja sá um prófkvíðanámskeið á vorönn og fór með fyrirlestur um ferilmöppugerð í umsjónartíma hjá útskriftarnemendum á vorönn. Sesselja var umsjónarkennari nemenda sem voru nýir í FS á vorönn 2011 og var með umsjónartíma fyrir þá.
- Sesselja og Sunna sáu um móttöku grunnskólanema sem komu í heimsókn til okkar í vetur. Þær sáu einnig um viðtöl á almennu brautinni.
- Allir námsráðgjafar sáu um námstækni í lífsleiknihópum skólans.
- Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika en Elín hefur haldið utan um skýrslur og aðrar greiningar.
- Í prófum á vorönn 2011 skiptust námsráðgjafar á að sitja yfir nemendum sem þurftu sérstofu, þ.e. nemendur með prófkvíða eða önnur vandamál.
- Elín hefur haft umsjón með innritun í fornám og unnið með kennurum í fornámi. Elín hefur sinnt tengslastarfi við Virkjun í vetur og sótt ýmsa fundi þar. Hún hefur séð um skipulag fyrir umsjónartíma. Elín hefur setið andafundi og komið inn í ýmsa vinnu með stjórnendum.
- Önnur verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum.
- Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almennum viðtölum hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru á lausu. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að nemendur í kvöldskóla leiti til námsráðgjafa svo og fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin svo og foreldrar nemenda okkar. Mikill meirihluti þeirra sem koma til

námsráðgjafa eiga þó ekki bókað viðtal. Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti hafa aukist mikið.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar og fer fjöldi þeirra nemenda vaxandi. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt. Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdir í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara dyslexíu- nemenda og annarra nemenda sem hafa greiningar sem gott er að kennarar viti um. Þetta er gert í upphafi hverrar annar.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Undanfarin ár hafa gögn frá grunnskólunum varðandi lestrargreiningar og annað verið að skila sér inn til okkar fyrr og betur en áður. Þetta er afar mikilvægt svo að nemendur fái viðeigandi þjónustu sem fyrst.

Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla. Á vorönn 2011 liggja fyrir um 100 greiningar um dyslexíu hjá nemendum FS. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhverskonar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum. Á þessu skólaári hafa 27 nemendur skilað inn greiningum varðandi ADHD/ADD. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér aðstoð við að skipuleggja námið og aðhald.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Á þessu skólaári var boðið upp á tvö námstækninámskeið í október og febrúar. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkviðavanda að etja. Á þessu skólaári var haldið eitt prófkviðanámskeið í nóvember og annað í apríl. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum öllum varðandi próftöku, prófkviða og sjálfsstyrkingu. Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Einstaka nemendur hafa fengið að taka prófin í einrúmi og er þá reynt að finna aðstöðu fyrir hvern og einn. Námsráðgjafi heldur utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil. Á vorönn breyttist þessi þjónusta og þeir nemendur sem sóttu um þetta úrræði voru settir saman í stofu.

Undanfarin ár hefur verið í gangi samkomulag við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi sálfræðiþjónustu við nemendur. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og hafa námsráðgjafar yfirleitt boðið einstaklingum þessa þjónustu sem taldir eru þurfa á henni að halda. Einstaka nemendur eða foreldrar hafa óskað eftir þessu sjálfir. Kennarar hafa einnig bent á nemendur sem þeir telja vera í erfiðleikum og hafa þá námsráðgjafar jafnan samband við viðkomandi. Sálfræðiþjónustan felur það í sér að við bjóðum nemendum að fara í nokkur viðtöl þeim að kostnaðarlausu. Námsráðgjafar eru milligöngumenn en nemendur undir 18 ára aldri þurfa samþykki foreldra til að fara í slíkt viðtal. Sálfræðingur hefur samband við viðkomandi nemanda varðandi bókun í tíma. Miðað er við að fjöldi viðtala á einstakling fari ekki yfir þrjú og málum þá vísað í annan farveg ef þörf er á. Þessi þjónustusamningur er í þróun og verður endurskoðaður eftir þörfum.

Fornám

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Elínar námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að aflokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi kemur einnig inn í vinnu varðandi náms-og starfsfræðslu með kennara í lífsleikni. Námsráðgjafi er með fræðslu fyrir nemendur í fornámi varðandi námstækni og próftöku. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar valið er að vori notar námsráðgjafinn tækifærið og ræðir við nemendur einstaklingslega um framtíðarsýn viðkomandi og hvert hann stefnir í námi. Þegar

upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

Starfsbraut

Námsráðgjafar eru umsjónarmönnum starfsbrautar innan handar eftir þörfum s.s. varðandi val, samskipti við foreldra, samskipti við félagsmálastofnun, samskipti við Greiningastöðina og agamál svo eitthvað sé nefnt.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra á samræmdum prófum. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans. Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt. Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum. Sérstakur fundur var með foreldrum nemenda í fornámi s.l. haust en eftir áramót boðaði hver umsjónarkennari sína nemendur í einstaklinsviðtal ásamt foreldri þar sem námið og gengi þess var rætt. Þessir fundir voru hugsaðir til kynningar og til að hvetja fólk til dáða.

Námskeið og fagfundir

Elín og Sunna fóru á námskeið hjá Blátt áfram á haustönn. Sunna tók þátt í degi náms- og starfsráðgjafa á haustönn þar sem m.a. Jóhann Ingi Gunnarsson var með góðan fyrirlestur um streitu og álag. Einnig fjallaði Kári Eypórsson um sjálfsmýndir og sjálfstraust.

Elín fór á námskeið í mars sem bar yfirskriftina „Menntakerfi fyrir alla. Jafngildi og gæði náms“.

Elín og Sesselja fóru á fund vegna átaksins „Nám er vinnandi vegur“ sem fyrirhugað er að fara í gang í haust. Í tengslum við það tóku námsráðgjafar þátt í kynningarfundi í Stapa 18. maí.

Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

Skólaheimsóknir

Námsráðgjafar heimsóttu alla 10. bekkinga á svæðinu á haustönn og kynntu inntökuskilyrði í framhaldsskóla, námsframboð skólans og svöruðu fyrirspurnum. Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS. Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja

spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á báðum önnum var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR. Aðrir hópar hafa einnig fengið heimsóknir s.s. viðskiptagreinar og verknámsgreinar. Á árinu höfum við einnig fengið kynningar á tækninámi í Danmörku sem hefur þá sérstaklega verið beint að verknámi og nemendum öllum.

Liðveisla

Nokkrir nemendur tóku áfangann LIÐ 102 og 202 á þessu skólaári. Þessir áfangar er í samvinnu við félagsráðgjafa hjá Fjölskyldu-og félagsmáladeild Reykjanesbæjar svo og Fjölskyldu-og félagsmáladeildir í nágrannasveitafélögum.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf s.s. töflubreytingar og að slá inn val og breyta vali í lok anna og annað sem tilheyrir þessum annatímum.

Aðrir samstarfsaðilar

- Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands
- Blindrabókasafnið
- BUGL- Barna- og unglingsdeildin
- Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum
- Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
- Greiningastöð Ríkisins
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
- Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum
- Skólar á háskólastigi
- Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum
- Vinnumálastofnun Suðurnesja
- Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

10. Skýrsla kvöldskóla

Haust 2010

Skýrsla þessi er unnin til að skýra frá starfi kvöldskólans haustið 2010. Tekið er saman hvernig undirbúningur fór fram, hvar og hvernig var auglýst og hvernig innritun fór fram. Tekinn er saman nemendafjöldi og fjöldi í hverjum áfanga. Fram kemur hvaða áfangar voru í boði og hvaða áfangar voru kenndir og hverjir kenndu.

Undirbúningur haustannar 2010

Undirbúningur haustannar 2010 hófst í máí á því að setja saman áfanga í boði. Strax í byrjun júní var hægt að innrita sig á netinu. Sú nýbreytni var að innritun var viku fyrr en venjulega. Innritun var í skóla fimmtudaginn 12. ágúst og föstudaginn 13. ágúst milli kl. 17 og 19. Hægt var að innrita sig á neti til 15. ágúst. Þetta var gert til þess að hafa betri tíma til að vinna úr umsóknum. Auk þess bættust nokkrar umsóknir við í vikunni eftir 15. ágúst. Þetta gaf mun betri tíma til að sjá hvaða umsóknir voru gildar, hverjir voru búnir að greiða og þannig haft líka betri tíma til að skrá inn nemendur.

Auglýsingar – skrifstofuhald – innritunargjöld

Auglýst var í Víkurfréttum 12. ágúst. Aðrar auglýsingar voru ekki, en allar upplýsingar voru aðgengilegar á neti frá byrjun júní. Innritunargjöld voru óbreytt. Greiða þurfti 6.000 kr. í innritunargjald og auk þess 2.500 kr. fyrir hverja einingu sem tekin var.

Fjöldi nemenda og skipting eftir sveitarfélögum

Nemendur í kvöldskóla voru 64 talsins. Þar af voru 10 nemendur sem stunduðu nám í dagsskóla líka. Nemendur skiptast eftir sveitarfélögum þannig:

Sveitafélag	Fjöldi
Reykjanesbær	50
Sandgerði	4
Garður	1
Vogar	4
Grindavík	4
Reykjavík	1
Alls	64

Áfangar í boði

Ýmsir áfangar voru í boði haustið 2010 en ekki náðist nægilegur fjöldi í þá alla. Reynt var að bjóða upp á ferðapjónustubraut, 1. stig, og grunnnám málm- og véltæknigreina. Aðeins ein umsókn barst fyrir ferðapjónustubrautina og ein fyrir málm- og véltæknibraut. Eftirfarandi áfangar voru kenndir:

Áfangi	Fjöldi nemenda í hóp	Kennari
MST1048	9	Leifur Ísaksson
MSÖ1012	7	Leifur Ísaksson
SPÆ1036	16	Einar Trausti Óskarsson
STÆ1026	22	Sigrún Eugenio Jónsdóttir
Fatahönnun	alls 13	Hanna Vilhjálmsdóttir
THL1036	6	kenndir saman
THL2036	7	kenndir saman
Upplýsingatækni	alls 16	Sturla Bragason
UTN1036	14	kenndir saman
UTN2036	2	kenndir saman

Innheimta skólagjalda

Innheimta gekk nokkuð betur en verið hefur. Það eru einnig helst þeir sem senda umsókn á neti sem ekki greiða strax. Aðeins voru nokkrir einstaklingar sem höfðu samband og óskuðu eftir greiðslufresti og gekk það að mestu eftir. Aðeins 3 stóðu ekki við sitt og létu sig hverfa frá náminu án skýringa og greiðslu. Nokkuð var um það að dagsskóla nemendur greiddu of mikið, þ.e. greiddu líka innritunargjaldið og var haft samband við þá og þeim endurgreitt. Fyrir næstu önn verður það auglýst betur á vef skólans að þeir þurfi aðeins að greiða einingagjaldið.

Lokaorð

Undirbúningur er þegar hafinn fyrir næstu önn. Haldinn var fundur með meistaraskólanum til að finna út hvaða áfanga væri hentugast að bjóða á næstu önn. Ákveðið er að hafa innritun á sama tíma og venjan hefur verið, en að kennsla hefjist ekki fyrr en viku seinna en dagsskólinn. Þetta er gert til þess að hafa betri tíma til að vinna úr umsóknum. Reynslan sýnir líka að oft eru kvöldskólanemar frekar seinir að taka við sér og hafa oft samband eftir að kennsla hefst.

Vor 2011

Skýrsla þessi er unnin til að skýra frá starfi kvöldskólans vorönn 2011. Tekið er saman hvernig undirbúningur fór fram, hvar og hvernig var auglýst og hvernig innritun fór fram. Tekinn er saman nemendafjöldi og fjöldi í hverjum áfanga. Fram kemur hvaða áfangar voru í boði og hvaða áfangar voru kenndir og hverjir kenndu.

Undirbúningur vorannar 2011

Undirbúningur vorannar 2011 hófst í desember á því að setja saman áfanga í boði. Þá var strax hægt að innrita sig á netinu. Innritun fór fram í skólanum 6. og 7. Janúar milli 17 og 19. Hægt var að innrita sig á neti til 9. ágúst. Kennsla hófst mánudaginn 17. janúar.

Auglýsingar – skrifstofuhald – innritunargjöld

Auglýst var í Víkurfréttum 6. janúar. Aðrar auglýsingar voru ekki, en allar upplýsingar voru aðgengilegar á neti frá byrjun desember. Innritunargjöld voru óbreytt. Greiða þurfti 6.000 kr. í innritunargjald og auk þess 2.500 kr. fyrir hverja einingu sem tekin var.

Fjöldi nemenda og skipting eftir sveitafélögum

Nemendur í kvöldskóla voru 69 talsins. Þar af voru 8 nemendur sem stunduðu nám í dagsskóla líka. Nemendur skiptast eftir sveitafélögum þannig:

Sveitafélag	Fjöldi
Reykjanesbær	57
Sandgerði	6
Garður	3
Vogar	0
Grindavík	3
Alls	69

Kenndir áfangar og kennarar vorannar

Eftirfarandi áfangar voru kenndir á vorönn 2011:

Áfangi	Fjöldi nemenda í hóp	Kennari
DAN1026	7	Sumarrós Sigurðardóttir(RS)
ÍSL2424	9	Þorvaldur Sigurðsson(ÞO)
MAG1024	10	Leifur A. Ísaksson(LI)
MBS1012	11	Hörður Ragnarsson(HR)
MIB1012	11	Leifur A. Ísaksson(LI)

MRS1036	10	Hörður Ragnarsson(HR)
SPÆ2036	10	Einar Trausti Óskarsson(EÓ)
STÆ1226	19	Sigrún Eugenio Jónsdóttir(SEJ)
STÆ2436	12	Inga Lilja Eiríksdóttir(IE)
THL1036	13	Hanna Vilhjálmsdóttir(HV)
THL2036	11	Hanna Vilhjálmsdóttir(HV)

Lokaorð

Undirbúningur er þegar hafinn fyrir næstu önn. Haldinn var fundur með meistaraskólanum til að finna út hvaða áfanga væri hentugast að bjóða á næstu önn. Gert er ráð fyrir að áfangar í boði verði birtir á vef skólans strax í lok maí og þá verður hægt að skrá sig strax. Innritun verður svo með hefðbundnum hætti í ágúst og gert er ráð fyrir að auglýsa í staðarblöðum sem fyrr.

Sigrún Eugenio Jónsdóttir, umsjónarmaður Kvöldskóla FS, tók saman.

11. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur nú boðið uppá aðgengi að hjúkrunarfræðingi fyrir nemendur frá því í janúar 2007. Farið var af stað með fjóra daga í viku í byrjun og klukkutíma viðveru í senn. Þessi taktur hefur haldist, dugað og sannað gildi sitt. Misjafnt er þó hve aðsóknin er mikil. Ég átti von á meiri aðsókn þessa vorönn 2011 miðað við haustönnina en ekki varð af því. Hitt er víst að það skiptir þá nemendur sem koma miklu máli að þjónustan sé í skólanum.

Haustönnin 2010 var mun annasamari en vorönnin. Alls komu stúlkur 62 sinnum, drengir 27 sinnum og kennarar og starfsmenn 20 sinnum. Uppákomur á öðrum tímum þar sem ég var kölluð til vegna yfiriðra eða vanlíðunar voru alls tíu. Haft var samband við foreldra þrisvar sinnum. Þá átti að fara fram tóbaksfræðsla fyrir sex drengi en einungis þrír þeirra mættu. Alls eru þetta 122 skipti.

Á vorönninni 2011 voru komu stúlkur 43 sinnum, drengir 39 sinnum og kennarar og starfsmenn 18 sinnum. Aukaverk eins og uppákomur utan viðverutíma hafa einnig verið færri en undanfarin ár eða aðeins fjórar. Haft var samband við foreldra þrisvar sinnum. Alls eru þetta 107 skipti. Ég hef velt fyrir mér hvort það hafi haft áhrif á komur nemenda á vorönninni að nokkrir nemendur hafa hreiðrað um sig á pallinum fyrir framan fundasal og herbergi hjúkrunarfræðings, verið þaulsetin og þannig kannski fælt einhverja frá. Annars hafa

vorannirnar áður verið rólegri og eftir páska hefur aðsókn oftast en ekki minnkað. Nemendafjöldinn spilar ef til vill hér inn líka.

Málefnið sem nemendur koma með til mín eru áþekk í heildina og áður en alltaf einstaklingsbundin. Ég hef einnig átt fundi með eldhúsinu reglulega og Manneldisnefnd kom saman á önninni og fór yfir manneldisstefnuna.

Sólveig Björk Gränz, skólahjúkrunarfræðingur, tók saman.

12. Skýrsla forvarnarfulltrúa

Unnið var að eftirtöldum hlutum skólaárið 2010 – 2011:

Tóbaksvarnir

Haustið byrjaði með því að halda áfram með áttak vegna reykinga og munntóbaksnotkunar í og við skólann. Mitt hlutverk var að taka viðtöl við þá nemendur sem gerðust brotlegir. Ég sendi eyðublað á kennara sem þeir skiluðu útfylltu til mín ef þeir sáu nemendur reykja eða nota munntóbak. Ég fékk 54 tilkynningar og tók viðtöl við 54 nemendur og þar af þurftu 4 að fara til Sólveigar hjúkrunarfræðings. Nemendur tóku þessu mjög vel. Þetta áttak hefur tekist ótrúlega vel og er skólalóðin nokkurn veginn reyklaus. Við þurfum að byrja strax næsta haust aftur og þá með áherslu á munntóbak.

Viðtalstími

Viðtalstími var 3x í viku í 50 mín. í senn fyrir áramót og 4x í viku eftir áramót. Viðtalstíminn var nokkuð vel nýttur, það komu u.þ.b. 115 nemendur í viðtalsímum fyrir áramót og svipað eftir áramót. Þó var meira um það eftir áramót að nemendur komu bara svona til að velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Umræðuefnið var margskonar t.d. áhyggjur af vímuefnanotkun, átröskun og skólaleiði, böllin, óánægja með skólareglur, áhyggjur af vanlíðan vegna þunglyndis, heimilisofbeldi, kynferðisleg misnotkun og margir komu og voru að velta fyrir sér ástandinu í þjófálaginu og svo frv. Nokkuð var um það að foreldrar kæmu með nemendum í viðtal. Sumir komu bara til að spjalla um lífið og tilveruna. Mér finnst viðtalstímarnir skipta miklu máli, nemendur virðast vera að átta sig á því að ég er þarna og þeir geta komið og spjallað. Það var mikil aukning í vetur á því að nemendur kæmu við og spjölluðu um framtíðina og greinilegt að margir nemendur kvíða framtíðinni og hafa áhyggjur af sumarvinnu.

Forvarnarvika var haldin 27.09.2010 – 01.10.2010 og þá fór fram Forvarnardagur ungra ökumanna í 88- húsinu.

Dansleikir

Ég vinn á öllum dansleikjum og uppákomum á vegum nemendaráðs.

- Aðgerðaráætlun er unnin fyrir hvert ball.
- Skýrsla er gerð eftir hvern dansleik.

Ég tel mikilvægt að endurskoða dansleiki fyrir næsta vetur með tilliti til skýrslna sem liggja fyrir. Almenn ánægja hefur verið með skipulag og fyrirkomulag á þessum uppákomum og þá teljum við að aðgerðaráætlun skipti miklu máli. Skoða þarf hlutverk félagslífsfulltrúanna frá sveitarfélögunum í kring og hvort þeir eigi að koma að þessum skemmtunum eða ekki. Mjög gott samstarf hefur verið við lögreglu í vetur og hafa yfirleitt verið 4 - 5 lögreglumenn á svæðinu og hafa þér séð um skýrslutöku sem er mjög gott. Nemendaráð hefur verið mjög duglegt í vetur og mjög gott samstarf við það og fínir krakkar.

Samráð

- Vann að undirbúningi að forvarnardegi ungra ökumanna ásamt fleiri aðilum. Þessi dagur er ætlaður öllum nemendum sem eru á 1. ári í FS.
- Samtakahópur: Hittist á tveggja vikna fresti, við höfum fundað í FS og á fleiri stöðum í bænum. Fundir voru mjög reglulegir á haustönn, en á vorönn hafa fundir verið á þeim tímum sem ég er að kenna og hef því ekki geta mætt á þá alla. Fundarefni eru mörg og misjöfn.
- Lögreglan: Funda eftir þörfum með lögreglu, þó alltaf fyrir og eftir dansleiki. Hef þurft að fara og skoða myndir til að athuga hvort ég þekki andlit á myndunum.
- Forvarnarfulltrúar: Haust og vorfundir forvarnarfulltrúa (hjálagað fskj. 4) sendi dagskrá vorfundar með).
- Forvarnaráætlun: Fór á fund hjá Reykjanesbæ vegna forvarnaráætlunar þeirra, hún kynnt.
- Aðgerðaráætlun gegn fíkniefnum í Reykjanesbæ: Er fulltrúi Fs í þessari nefnd og er verið að vinna að upplýsingaöflun núna. Þetta verkefni er enn í gangi.
- Heilsueflandi skóli: Er í undirbúningsnefnd og höfum við fundað í vetur til að undirbúa þetta verkefni. Fundaði með aðilum frá Lýðheilsustöð sem fóru yfir stöðu mála.

Fyrirlestrar

- Hef verið með fyrirlestra um átraskanir í LKN.

Námskeið og fundir

- Fór á morgunverðarfund um forvarnir í skólum og áhrif kreppu á nemendur.
- Fór á haust- og vorfund forvarnarfulltrúa.

Ferðalög

- Fór á Morfís ræðukeppni í Garðabæ með 25 nemendur í rútu. Ferðin gekk mjög vel.
- Fór með nemendum í HR á úrslitakeppni í Morfís ræðukeppni. Ferðin gekk mjög vel .

Tel mikilvægt að endurskoða hvernig staðið er að svona ferðum í framtíðinni. Mikilvægt að upplýsa foreldra ólögráða nemanda um þessar ferðir og hvernig þær fara fram. Mikilvægt að foreldrar nemanda viti ferðatilhögun.

Viðtöl

- Er með viðtöl við nemendur og foreldra þeirra nemanda sem tekin eru ölvuð á dansleikjum.
- Þó nokkuð hefur verið um að nemendur og foreldrar hafa haft samband vegna þess að þeir hafa áhyggjur af börnum sínum vegna átröskunar. Hef ég leiðbeint þeim en er ekki að veita meðferð.
- Hef hitt nemendur sem eru með átröskun, þremur vísaði ég til sálfræðings. Hef hitt foreldra þessara stúlkna og verið í tölvusamskiptum við þá.
- Foreldrar sem hafa áhyggjur af börnum sínum varðandi vímuefnanotkun.
- Foreldrar sem hafa áhyggjur af líðan barna sinna.
- Einelti: Vann að tveimur málum þar sem um einelti var að ræða. Vann þessi mál í samvinnu við námsrágjafa og leystust þau vel.

Nemendaverndarráð

Stofnuðum nemendaverndarráð 2009 og í því sitja forvarnarfulltrúi (Kolbrún), námsráðgjafi (Elín) og hjúkrunarfræðingur (Sólveig). Við höfum ekkert hist í vetur.

Vinnureglur sem við ætlum að vinna eftir eru þessar:

- Nemendaverndarráð er starfrækt við Fjölbautaskóla Suðurnesja. Hlutverk þess er að stuðla að velferð nemenda hvort sem um er að ræða í námi eða félagslega.
- Starf nemendaverndarráðs byggir m.a. á 5. grein reglugerðar um nemendaverndarráð í grunnskólum þar segir:
- Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, getur skólameistari falið ákveðnum aðila/aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur.
- Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara, á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til nemendaverndarráðs
- Málefni nemendaverndarráðs eru trúnaðarmál.
- Nemendaverndarráð fundar vikulega og heldur fundargerð og kynnis stjórnendum.

- Í nemendaverndarráð sitja námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og forvarnarfulltrúi. Nemendaverndarráð kallar til sín sérfræðinga, foreldra og aðra eftir þörfum.

Nemendafélag

Ég hef unnið mikið með nemendafélaginu í vetur að skipulagningu að uppákomum, ferðum og dansleikjum. Hef átt mikið og gott samstarf við þau.

Hoff hópur

Er fulltrúi í stýrihóp Hoff-hópsins fyrir hönd forvarnarfulltrúa og fer á fund á svona 6 vikna fresti.

Framtíðin

Það sem ég hef áhuga á að vinna að í framtíðinni:

- Virkja nemendur þannig að við værum með forvarnarhóp sem í væru 15 – 20 nemendur. Þeir vinna að forvörnum og skipuleggja forvarnardaga. Hugsanlega fengju þeir eina einingu fyrir.
- Leggja áherslu strax með haustinu á heilbriggt líf með því að vera með forvarnaviku fljótlega á haustönn.
- Mikilvægt að strax á haustönn séu foreldrar upplýstir um það sem um er að vera á önninni og hvernig þessar uppákomur fari fram. Spurning hvort við ættum að senda bréf heim.
- Senda upplýsingar um allar uppákomur sem eru á vegum skólans heim með viku fyrirvara.
- Endurskoða dansleiki.

Kolbrún Marelsdóttir, forvarnarfulltrúi, tók saman.

13. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2010-2011 sat félagslífsfulltrúi samtals 20 formlega fundi með stjórn N.F.S. ásamt ýmsum smærri hádegisfundum með formanni eða öðrum stjórnarmeðlimum. Stjórnarfundirnir voru haldnir á mánudögum eftir skóla, eða kl. 16:30. Helsta hlutverk félagslífsfulltrúa var að vera stjórnarmeðlimum innan handar í ýmsum ákvörðunartökum, leiðbeina þeim í stjórnarstörfunum ásamt því að vera til staðar ef þau þyrftu á einhverskonar aðstoð að halda.

Félagslífið á skólaárinu gekk heilt yfir mjög vel og bauð upp á fjölbreytta atburði fyrir nemendur. Það var dugmikið og metnaðarfullt fólk í stjórninni og gekk mjög vel að vinna með þeim. Breyting varð á stjórninni í byrjun vorannar þar sem einn stjórnarmanna varð frá að víkja og var því nýr ritari valinn af stjórnarmönnum.

Dansleikir á skólaárinu voru allir haldnir í Stapa að einum undanskildum, sem var í Sandgerði. Dansleikjahald gekk að mestu mjög vel og voru flestir vel sóttir. Gott samstarf var við lögreglu á dansleikjunum og voru yfirleitt 2 – 3 lögreglumenn að störfum við skemmtanahaldið. Félagslífsfulltrúi var í nánú samstarfi við forvarnarfulltrúa varðandi skemmtanir á vegum nemendafélagsins og voru báðir aðilar við störf á öllum dansleikjum vetrarins.

Að mínu mati hefur metnaður í félagslífinu aukist til muna og verið stigvaxandi síðustu ár. Stjórnin lagði m.a. mikið upp úr því að ná góðum árangri í hinum fjölmörgu keppnum sem fram fóru á milli framhaldsskólanna og vega orðið stóran sess í lífi framhaldsskólanema. Þjálfarar eða aðstoðarmenn voru fengnir til þess að auka líkur á góðum árangri skólans. Stærstu keppnirnar voru „Gettu betur“, ræðukeppni Morfís og söngkeppni framhaldsskólanna en þar náðum við 3. sætinu í ár ☺

Gunnar Magnús Jónsson, félagslífsfulltrúi, tók saman.